

Grænland í íslenskri smásjá



3. bekkur U skólaárið 2012-2013
Menntaskólinn á Akureyri

GRÆ2A010

Haustönn 2012 og vorönn 2013

Kennarar: Guðjón Andri Gylfason og Þórhildur Björnsdóttir

Skiladagur: 5. mars 2013

Sérstakar bakkir fá

Margrét Sylvía Sigfúsdóttir fyrir uppsætningu á verkefni

Jóhanna Elín Jósefsdóttir fyrir prófarkarlestur

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	5
Jarðsaga Grænlands	6
Upphafssöld (Forkambríum).....	6
Frumlífsöld (Forkambríum)	6
Fornlífsöld, miðlífsöld og núlífsöld (Fanerósóik).....	7
Jarðsaga Íslands	8
Núlífsöld (Fanerósóik).....	8
Grænland	9
Náttúra Íslands.....	9
Gróðurfar á Grænlandi.....	10
Gróðurfar á Íslandi.....	11
Dýralif á Grænlandi.....	11
Dýralif á Íslandi	13
Ittoqqortoormiit og þjóðgarður Grænlands.....	14
Þjóðgarðar Íslands	15
Fornleifarannsóknir í þjóðgorðum Íslands	17
Stjórnmál á Grænlandi	17
Stjórnmál á Íslandi	18
Samgöngur á Grænlandi.....	19
Samgöngur á Íslandi.....	20
Heilbrigðisþjónusta á Grænlandi og Íslandi	21
Atvinna á Grænlandi	22
Atvinna á Íslandi	23
Menntun á Grænlandi	23
Menntun á Íslandi	24
Fjölskylduvenjur á Grænlandi	25
Fjölskylduvenjur á Íslandi	25
Matarvenjur á Grænlandi.....	26
Matarvenjur á Íslandi.....	27
Íþróttir og tómstundir á Grænlandi.....	28
Íþróttir og tómstundir á Íslandi	29

Sjálfsvíg á Grænlandi	30
Sjálfsvíg á Íslandi	31
Áfengisneysla á Grænlandi	31
Áfengisneysla á Íslandi	32
Grænlenska.....	32
Íslenska	33
Gjaldmiðillinn á Grænlandi.....	33
Gjaldmiðillinn á Íslandi.....	34
Grænlenski þjóðbúningurinn	34
Íslenski þjóðbúningurinn	35
Samanburður og lokaorð	37
Heimildaskrá	40
Heimildaskrá – Myndir	45

Inngangur

Hvað er það sem skilgreinir þjóð í raun og veru? Eru það lifnaðarhættir þjóðflokks, staðsetning landreignar hans, tungumál og fornar hefðir, eða jafnvel allt af ofantöldu? Lífsskilyrði manna skapast af staðsetningu landreigna, möguleikum til framfærslu fjölskyldna á eigin vegum, möguleikum til menntunar og stöðugrar þróunar á samfélagi landsins. Þegar öll þessi skilyrði, ásamt mörgum öðrum, renna saman í eitt hefur það skilgreint íbúa svæðis og saman mynda þeir, hver með sínum persónulegu einkennum, þjóð.

Í aldanna rás hafa þjóðir skapað með sér hefðir, hefðir sem börnin þín og börn barnanna þinna munu öll koma til með að þekkja og viðhalsa. Þessar hefðir geta verið margvíslegar, hvort sem þær skilgreina hvíldardaga sem halda skuli heilaga, ákveðna daga sem skuli nýttir til veiða eða jafnvel aðferðir sem notast hefur verið við í aldanna rás. Um fornar, vel þróaðar aðferðir, má sem dæmi nefna að á Grænlandi hafa drengir m.a. alist upp við að fara á veiðar og veiða til matar. Feður þeirra kenna þeim ungum að aldri hvernig eigi að sigla, leggja út net, kasta með stöng og að lokum verka fenginn. Það er hefð sem hefur viðhaldist og gegnir veigamiklu hlutverki í fæðuöflun samfélagsins. En hvað ef einn daginn væru engin skilyrði til veiða, hvorki á sjó né landi? Myndu þeir sem hefðu helgað líf sitt veiðum, til fæðuöflunar samfélagsins, snúa baki við fortíð sinni og leita annarra leiða til að komast af? Svar við þessari spurningu mun líta dagsins ljós í náinni framtíð.

Í samanburði okkar á Íslandi og Grænlandi munum við varpa ljósi á alla þá þætti sem hafa áhrif á það hvernig líffskilyrði landsmanna eru í hvoru landi fyrir sig. Við munum fjalla ítarlega um jarðsögur eyjanna tveggja, allt frá upphafsöld að núlifsöld, dýralíf, náttúru og gróðurfar. Einnig verður sagt frá stjórnarfari, heilbrigðiskerfum, námsframboði, atvinnu, lífshamingju og því sem við kemur daglegu lífi Íslendinga annars vegar og Grænlendinga hins vegar. Að lokum munum við draga saman innihald verkefnisins og gera grein fyrir því sem við teljum skipta miklu máli í þróun landanna næstu árin.

Jarðsaga Grænlands

Sögu jarðar hefur verið skipt niður í fimm aldir sem kallast upphafsöld, frumlífsöld, fornlífsöld, miðlífsöld og nýlífsöld sem er nútíminn. Jarðsaga Íslands hefst á nýlífsöldinni en Ísland byrjaði að myndast fyrir um 25 milljónum ára og er elsta bergið sem fundist hefur um 16 milljón ára gamalt. Jarðsaga Grænlands er heldur lengri því þar er að finna eitt elsta berg jarðar sem gerir það að verkum að Grænland fór að myndast á upphafsöld (Guðbjartur Kristófersson 2005:229).

Upphafsöld (Forkambríum)

Elsta berg sem fundist hefur á Grænlandi fannst skammt frá höfuðborginni Nuuk. Þekktasti hluti þessa bergs er grænsteinsbeltið í Isua, sem er elsta ofanskorpubergið á jörðinni. Zircon kristallar hafa verið greindir með mismunandi myndurnartíma, og vegna þessarar aldursskiptingar bendir allt til þess að uppruni Isua hafi verið árekstur tveggja fleka. Það er talið að úthafsskorpa hafi farið undir meginlandsskorpu og á eftir hafi fylgt meginland og myndun fellingar. Seint á upphafsöld fór svo að myndast meirihluti allra meginlandsskorpu jarðar og Grænland fór að mynda meginlandsskjöld sinn (Einar Ragnar Sigurðsson 2011).

Frumlífsöld (Forkambríum)

Meginlandsskjöldurinn hefur varðveist vel frá upphafsöld og er því orðin stöðug meginlands-skorpa. Inglefield beltið á norð-vestur hluta Grænlands er meginlandsskorpa sem mynduð var af eyjabogum við stökkbelti milli tveggja óskyldra fleka. Ketilian belti hefur myndast á suðurhluta Grænlands á um 100 milljóna ára tímabili, en þar á sér stað eyjabogaeld-virkni á plötumótum. Á þessu belti má finna sandstein, völuberg og berg með ummerki um iðustreymi. Bæði þessi belti fóru að myndast á frumlífsöld (Einar Ragnar Sigurðsson 2011).

Nagssugtoqidian, Ammassalik og Rinkian beltin eru talin hafa orðið fyrir mikilli breytingu af völdum flekaárekstra. Það hefur verið lögð fram tilgáta um það að Nagssugtoqidian og Ammassalik beltin séu sama fellingarmyndunin sem myndaðist við flekaáreksturinn á norðurhluta Grænlands og mynduðu Disko skjöldinn, en þau liggja nú sitt hvoru megin við meginlandsjökulinn.



Mynd 1: Líkleg uppbygging Austur-Kanada og Grænlands á frumlífsöld.

Hægt er að sanna mikinn skyldleika beltanna, en báðum beltum má skipta upp í þrjú svæði frá norðri til suðurs sem eru sambærileg hvor öðru, en segulmælingar hafa sýnt að líta megi á svæðin sitthvoru megin sem eitt svæði. Aldursgreiningar á beltunum hafa þó leitt í ljós aldursmun en þessu mátti gera ráð fyrir þar sem 500 km eru á milli þeirra. Til er annað svipað dæmi um þetta en þá eiga í hlut Rinkian og Nagssugtoqidian beltin (Einar Ragnar Sigurðsson 2011).

Garðamyndun en mjög merkilegt fyrirbæri vegna steina sem þar finnast en það varð til við frummyndun rekbeltis og sigdals. Garða má skipta upp í þrjú tímabil og þrjú belti. Fyrsta tímabilið er frá 1350-1260 milljónum ára, þá fór að myndast setmyndun með allt að 2600 m þykkum setlögum. Næsta tímabil, fyrir um 1250-1200 milljónum ára, einkenndist af myndun bergganga sem höfðu stefnu sína samsíða rekbeltinu. Síðasta tímabilið er frá 1185-1120 milljónum ára en það var þegar mörg og stór innskotslög mynduðust (Einar Ragnar Sigurðsson 2011).

Seint á frumlífsöldinni er hægt að finna merki um jöklun, annarsvegar á austur Grænlandi og hins vegar á norður Grænlandi.

Fornlífsöld, miðlífsöld og núlífsöld (Fanerósóik)

Á fornlífsöld, miðlífsöld og núlífsöld átti sér stað fellingarmyndun en það var Iapetusahafið, sem skildi að Laurentiu flekann og Baltneska flekann, sem lokaðist þegar flekarnir rákust saman. Fyrst fóru að myndast eyjabogar þar sem þyngri úthafsskorpan fór undir aðra léttari, og þróstust þeir að meginlöndunum sitt hvorum megin. Eftir fellingarmyndunina varð Grænland hluti af Pangeu (Einar Ragnar Sigurðsson 2011).

Fyrir um 180-170 milljónum ára fór Atlantshafið að opnast rétt fyrir norðan miðbaug og átti það þátt í uppbroti Pangeu frá Grænlandi. Fyrir um 62 milljónum ára hafði rekbeltið stækkað og náði norður til Grænlands og þróaðist fyrst vestan við Grænland. Þetta belti var skammvinnt og fór að færa sig til austurs sem leiddi til opnunar Atlantshafsins milli Grænlands og Skandinavíu. Með rekbeltinu fylgdu heitir reitir og eldvirkni var fyrst á vesturströndinni sem færðist til austurs með beltinu. Þessi eldvirkni var mjög mikil og er talið að flatarmálið sem það þakti hafi verið um 220 þúsund ferkílómetrar. Þessi eldvirkni var í formi flæðibasalts en sum eldgosin voru neðansjávar og þá myndaðist bólstraberg. Síðustu ummerki um eldvirkni eru frá 14 milljónum ára (Einar Ragnar Sigurðsson 2011).

Jöklarnir á Grænlandi fóru að stækka síðustu ármilljónirnar en bráðnuðu að mestu á

hlýskeiði, en hafa þó aldrei bráðnað alveg en bæði minnkað og stækkað eftir hlý- eða kuldaskeiði. Jökullinn hefur haldist stöðugur frá 2 milljónum ára til dagsins í dag (Einar Ragnar Sigurðsson 2011).

Jarðsaga Íslands

Núlífssöld (Fanerósóik)

Það var á miðlífssöld eða fyrir um 65 milljónum ára, þegar gliðnun milli Norður-Ameríku og Grænlands annars vegar og Evrópu hins vegar, sem leiddi til þess að íslenski möttul-strókurinn varð virkur. Yfir möttulstróknum varð svokallaður heitur reitur. Bergið sem þar var leitaði flotjafnvægis sem varð til þess að Ísland stóð upp úr sjónum. Möttulstrókurinn undir Íslandi hreyfist ekki sem gerir það að verkum að flekaskilin hreyfast. Flekaskilin liggja í gegnum Ísland og við þau bætist sífellt við berg en á sama tíma verður niðurrif sem leiðir til þess að Ísland helst jafn stórt. En ef marka má þetta þá ætti elsta bergið að finnast lengst frá flekamótunum, en það er á Vest- og Austfjörðum. Fyrsta rekbeltið á Íslandi kallaðist Vestfjarðarbeltið en það varð til fyrir um 15 milljónum ára. Þegar það dó út fyrir um 7 milljónum ára tók við Snæfellsnesrekbeltið en það liggur um Norðurgosbeltið og áfram gegnum Reykjanes-Langjökuls gosbeltið (Guðbjartur Kristófersson 2005:229 - 232).

Það er getið til þess að berggrunnurinn á Íslandi sé byggður upp á hraunlögum sem gerir okkur kleift að lesa jarðsöguna í jarðlögunum. Regluleg klettabelti sem lesa má í jarðsöguni benda til þess að Ísland hafi verið hárent (Guðbjartur Kristófersson 2005:233).

Fyrir um 2,7 milljónum ára er talið að Ísöld hafi hafist á íslandi en ísöldinni má skipta í hlý og kuldaskeið líkt og á Grænlandi. Kuldaskeiðið var í um 100 þúsund ár en hlýskeiðið í um 10-15 þúsund ár. Nú í dag er talið að það sé hlýskeið og samkvæmt heimildum er talið líklegt að það fari hlýnandi á komandi árum (Guðbjartur Kristófersson 2005:234).

Grænland


Grænland er stærsta eyja í heimi og er $2.099.988 \text{ km}^2$ að stærð. Stærsti hluti eyjunnar er þakinn Grænlandsjökli sem er stærsti jökull heims, og er $1.799.992 \text{ km}^2$ að stærð. Fræðilega séð tilheyrir landið tveimur heimsálfum; Evrópu menningar- og stjórnarfarslega en Norður-Ameríku landfræðilega. Höfuðborg Grænlands heitur Nuuk, en orðið „Nuuk“ þýðir tangi á grænlensku. Í sveitarféluginu sem höfuðborgin tilheyrir búa um 15.000 manns, en á öllu landinu búa um 57.500 manns („Grænland“ 2013). Norðurströnd Grænlands liggur að Norður-Íshafi sem er minnsta úthaf jarðar, $15.100.000 \text{ km}^2$ að stærð. Það er þakið hafisbreiðu allt árið þó svo að hlýnun jarðar, miklir vindar og öldugangur valdi brotnun íssins. Gnótt af



Mynd 3: Norðurljós í Kulusuk.

auðlindum er að finna á botni Norður-Íshafsins, aðallega kol, olíu og jarðgas auk þess sem fjölmenna fiskistofna er þar að finna (Björn Þorsteinsson og Kristján B. Jónasson 2006:206).

Nánast öll byggð á Grænlandi er meðfram vesturströndinni. Ástæðan fyrir því er að heitir straumar berast með sjónum upp vesturströndina á meðan kaldir straumar koma úr Norður-Íshafinu niður austurströndina, og því er mun kaldara þar (Björn Þorsteinsson og Kristján B. Jónasson 2006:206).



Mynd 2: Grænlenski fáninn.

Náttúra Íslands

Ísland er eyja í Norður-Atlantshafi sem liggur á milli Grænlands, Færeys og Noregs. Hún er rúmir 103.000 km^2 að stærð sem gerir hana að annarri stærstu eyju í Evrópu, á eftir Bretlandseyjum. Á Íslandi búa u.þ.b. 320.000 manns, þar af rúmlega 100.000 manns í höfuðborginni, Reykjavík. Landið liggur á tveimur jarðskorpuflekum, Norður-Ameríkuflakanum og Evrasíuflekkanum en telst þó hluti af Evrópu. Saga eyjunnar sjálfrar er nokkuð ung en það má segja að hún hafi byrjað fyrir rúmum 60 milljónum árum þegar Norður-Atlantshaf byrjaði að opnast. Landið sjálft byrjaði að myndast nokkrum milljónum ára eftir það en elsta berg ofan við



Mynd 4: Íslenski fáninn.

sjávarmál hefur mælst 16 milljón ára gamalt og finnst yst á Vestfjörðum („Iceland” 2013).

Vegna staðsetningar landsins á rekbelti er bæði mikil eldvirkni og jarðhiti á Íslandi og eru mörg eldfjöll á eyjunni. Má þar nefna Heklu, sem er oft kölluð drottning íslenskra eldfjalla og gaus síðast árið 2000, og Eyjafjallajökul, sem gaus síðast árið 2010 og hamlaði flugumferð í Evrópu. Töluverður fjöldi er af heitum hverum og laugum á Íslandi en jarðhitinn er mikið nýttur til upphitunar húsa og er því frekar ódýrt að halda íslenskum heimilum heitum miðað við önnur lönd sem ekki hafa jarðhitann („Iceland” 2013).



Mynd 5: Gos í Eyjafjallajökli 2010.

Þar sem Ísland er mjög norðanlega er þar einnig mikið af ummerkjum eftir ísöldina sem lauk fyrir um 11.500 árum síðan, en á þeim tíma var Ísland að meirihluta hulið jöklum. Nú á dögum er hinsvegar aðeins um 11% landsins þakið jöklum og þeirra stærstur er Vatnajökull



Mynd 6: Sólsetur á Tjörnesinu.

sem þekur 8.100 km^2 . Veðurfarið á Íslandi er temprað og nokkuð svipað um allt landið. Helsti munur er meiri úrkoma, meiri vindur og hærri meðalhiti á Suðurlandi en á Norðurlandi. Kaldast er á mið-hálendinu og meiri snjókoma er á Norðurlandi. Golfstraumurinn hefur talsverð áhrif á veðurfarið og veldur því að loftslagið á Íslandi er þónokkuð hlýrra en í öðrum löndum á svipaðri lengdargráðu („Landafræði Íslands” 2013).

Gróðurfar á Grænlandi

Lífríki Grænlands einkennist af heimsskautaloftslagi, að frátöldum syðsta hluta landsins. Þó



Mynd 7: Grænlandsjökull.

svo að mest allt landið sé þakið jöqli er þar fjölbreytt gróðurfar. Fjölbreytt safn plantna er að finna á Grænlandi. Landið er 2700 km langt, úr norðri til suðurs, og þar af leiðandi er þar að finna mikið af plöntum sem lifa við mismunandi gróðurskilyrði. Um 500 tegundir háplantna, 500 tegundir af mosa og enn fleiri fléttutegundir vaxa í landinu.

Alls eru um 2000 plöntutegundir sem lífga upp á annars harðneskjulegt landslagið (Benny Génsbøl 2004:50).

Gróðurfar á Íslandi

Í elstu heimildum er Íslandi lýst sem skógi vaxið frá fjöllum til sjávar, en það er langt frá því ástandi sem nú er á landinu. Talið er að rúmlega fjórðungur landsins hafi verið þakinn birkiskógi en nú á dögum er aðeins 1,2% landsins þakið slíkum skógi. Þessi hnignun skóga landsins er að mestu leyti vegna komu mannsins og að einhverju leyti vegna eldgosa.



Mynd 8: Lúpína er algeng planta á Íslandi.

Það sem einkennir gróðurfar Íslands einna mest er mosinn, en á Íslandi eru yfir 600 tegundir mosa. Mosinn vex oft þar sem fáar aðrar plöntur þrífast og er því mjög áberandi í íslenskri náttúru. Á Íslandi finnst, þrátt fyrir erfið skilyrði, heiftarlegt magn af sveppum, eða um 2000 tegundir, og er það vegna þess að sveppagró eru smá og dreifast auðveldar en fræ og þrífast auk þess betur í ófrjóum jarðvegi („Landafræði Íslands“ 2013).

Dýralíf á Grænlandi

Ekki eru mörg spendýr á Grænlandi. Þó eru hreindýr algeng á vesturhuta landsins, þ.e. á öllum íslausum svæð-um. Á norðausturhlutanum er mikið af sauðnautum, og þau eru mjög eftirtektarverð. Tilraun hefur verið gerð til þess að hafa sauðnaut á Íslandi en dýrin félle öll af sjúkdónum, og engar fleiri tilraunir hafa verið gerðar á innflutningi sauðnauta til Íslands („Grænland – Dýralífið“ 2013).

Eingöngu er að finna hvítabirni í norður- og austurhluta Grænlands. Eins og Íslendingar kannast við þá berast þessi dýr stundum með rekís suður á bóginn („Grænland – Dýralífið“ 2013).



Mynd 9: Ísbirnir eru margir á Grænlandi.

Árið 2011 var gerð breyting á reglum sem varða ísbirni á Grænandi, en þá var settur ísbjarnarkvóti. Ísbjarnarkvóti alls landsins voru 140 dýr árið 2011, en kvóti austurstrandarinnar var 64 dýr sama ár. Ef kvótinn er uppurinn má ekki skjóta dýrið heldur verður löggreglustjórinn á staðnum að reyna að hrekja dýrið í burtu (Herdís Guðmundsdóttir 2011).

Fjölbreytt dýralíf er í sjónum í kringum Grænland. Þar eru fimm tegundir sela,

hringanóri, landselur, vöðuselur, blöðruselur og kampselur, auk þess sem rostugar eiga heimkynni sín þar. Selir og rostungar eiga heimkynni sín í kaldari sjó en finnst umhverfis Ísland og eru því norðar, í kringum Grænland. Auk þess eru margar tegundur hvala sem eru árstíðabundið í hafinu í kringum Grænland, og algengt er að sjá hvalina frá landi. Tegundirnar sem algengast er að sjáist í hvalaskoðunarferðum eru nánast þær sömu og hér í kringum Ísland („Grænland – Dýralífið” 2013), þ.e. hrfnur, hnísur, háhyrningar, hnúfubakar, höfrungar og stundum langreyðar, sandreyðar eða steypireyðar („Elding – Hvalaskoðun” [án árs]).

Grænlenskir sleðahundar er stór stofn af Husky-hundategundinni. Hundar af þessari tegund eru stórir og sterkir, karldýrin verða 58-68 cm langir og kvendýrin verða um 51-61 cm.



Mynd 10: Sleðahundar á Grænlandi.

Feldur þeirra er miðlungs þykkur og er samsettur úr tveimur lögum, innra lagið er feldur sem líkist ull og ytra lagið er grófur og vatnsfráhrindandi feldur. Þessi feldur gerir þeim kleift að þola allt að -50°C frost. Höfuð þeirra er breitt, augun lítil og eyrun eru þríhyrnd og þakin sérstaklega þykkum feldi til að koma í veg fyrir frostbit. Hundarnir búa í hópum, eru mjög trygglyndir og hafa lengi verið nýttir í að draga sleða. Þeir þykja hafa áberandi

gott þol og mikinn styrk. Meðalaldur grænlenskra sleðahunda er 13 ár („Greenland Dog” 2013). Hundarnir eiga þó ekki að vera gæludýr eigendanna heldur vinnudýr. Hlutverk þeirra er að draga sleða svo fólk komist á milli staða, og því á ekki að klappa þeim og koma fram við þá eins og gæludýr (Hjörðís Guðmundsdóttir 2011).

Fuglalíf á Grænlandi er sérstaklega fjölbreytt en fundist hafa 235 tegundur á eynni. Hinsvegar eru einungis um 80 tegundir af þessum 235 sem sjást reglulega. Eins og annars staðar í heiminum dreifa þessar tegundir sér mismikið um landið, sumar þeirra verpa meðfram allri suðurströnd landsins á meðan aðrar hafa takmarkaðra varpland (Benny Génsbøl 2004:37).

Dýralíf á Íslandi

Dýralíf á Íslandi er ekki mjög fjölskrúðugt miðað við önnur lönd en það mun stafa af hversu ungt, einangrað og kalt landið er. Þegar menn námu fyrst land á eyjunni var refurinn eina spendýrið sem hafði fasta búsetu á henni, en þeir gengu hingað við lok ísaldar þegar enn var frosið yfir hafið. Spendýr sem hafa síðan þá tekið sér bólfestu á eyjunni eru minkar, mýs, rottur, kanínur, hreindýr og ísbirnir sem ráfa af og til á eyjunna í örvaentingarfullri leit að mat, auk húsdýranna sem menn komu snemma með til landsins. Dýralífið hefur þó í heildina tekið litlum breytingum frá landnámi. Mikilvægasta dýrið fyrir Íslendinga var sauðkindin en þrautseigja hennar var lykilþátturinn í að halda lífi í Íslendingum í erfiðu umhverfi og veðurfari („Iceland“ 2013).



Mynd 11: Íslenska sauðkindin.

Íslenski hesturinn kom með landnámsmönnum og hefur verið í hálfgerðri einangrun hérlandis síðan þá. Íslenski hesturinn er óvenju sterkbyggður, heilsuhraustur, þrautseigur og

veðurþolinn en einnig mjög vingjarnlegur að eðlisfari.

Hann var kallaður „þarfasti þjónninn“ hér áður fyrr en eftir að bíllinn kom til sögunnar er hestamenna að mestu áhugamál.



Mynd 12: Íslenski hesturinn.

Mikið er af fuglalífi á Íslandi og þá sérstaklega mikið af sjávarfuglum en alls hafa sést um 370 fuglategundir á Íslandi, þó aðeins 75 verpi hér ár hvert. Stærsti fuglastofn Íslands er lundinn en hann heldur sig í

milljónatali víða við strendur og eyjar landsins. Aðrir fuglar sem hafa djúpar rætur í íslenskri menningu eru löan, sem er yfirleitt talin fyrirboði sumarsins, og hræfninn, en greind hans og uppátækjasemi hefur skipað honum djúpan sess í hjátrú Íslendinga („Umhverfi og Landafræði“ [án árs]).

Ittoqqortoormiit og þjóðgarður Grænlands

Bærinn Ittoqqortoormiit var settur á kort árið 1822 af enskum manni að nafni William Scoresby. Nafnið merkir *staðurinn með stóru húsin*, en einnig ber bærinn nafnið Scoresbysund á dönsku. Bæjarfélagið var þó ekki sett á stofn fyrr en árið 1925 af frumkvæði Ejnes Mikkelsens, vegna aukins áhuga norskra vísinda-manna á norð-austur Grænlandi. Þrátt fyrir hug-myndir um vísindalegar rannsóknir hafði Mikkelsens einnig ofarlega í huga að bæta lífsgæði íbúa Ammassalik með því að gera þeim kleift að flytja nær veiðisvæði sínu. Þrátt fyrir að hafa verið fámennasti bær Grænlands, nær sveitafélagið sem hann tilheyrir yfir mest landsvæði þegar flatarmál þess er borið saman við stærð annarra sjávarþorpa landsins (Birger Sandell og Hanne Tuborg Sandell [án árs]).



Mynd 13: Séð yfir bæinn Ittoqqortoormiit.

Norðursvæði Ittoqqortoormiit er hinn víðáttumikli þjóðgarður Grænlands, sem inniheldur ekki aðeins ríkt og fjölbreytt dýralíf, heldur er hann einnig mikilvægur staður fyrir vísindalegar



Mynd 14: Staðsetning og stærð þjóðgarðsins.

rannsóknir á loftslagsbreytingum norðurhvels jarðar. Þjóðgarðurinn þekur yfir um 972.000 km^2 og er hann sá alstærsti í heiminum. Í raun má bera stærð svæðisins við flatarmál Frakklands og Spánar, en þjóðgarðurinn nær yfir allan norð-austur hluta Grænlands að Skorusundi. Svæðið nær yfir svæði frá Knud Rasmussen's í norðri að Mestersvig í austri. Strandlínan er rúmir 18.000 km í það heila og hefur að bera hæstu íshettur norðurhvels jarðar. Í dag er svæðið nær óbyggjt en það eru tæplega fjörutíu íbúar á hinu stóra svæði á ársgrundvelli, einkum veðurathugendur og starfsmenn eftirlirsstöðva. Af því leiðir að veiðimennirnir frá Ittoqqortoormiit eru þeir einu sem reglulega leggja leið sína þangað. Þeir ferðast þangað á hundasleðum og veiða sér og fjölskyldum sínum til matar í þjóðgarðinum („National park” [án árs]).

Athugunarmiðstöðin Zackenberg er staðsett u.þ.b. 450 km norður af Ittoqqortoormiit. Stöðin þar var sett upp til að rannsaka loftslagsbreytingar á norðurhveli jarðar, með áherslu á

Grænland. Ástæðan fyrir þeirri ákveðnu staðsetn-ingu er sú að þar er ákveðið heimskautsloftslag sem bregst fyrr við loftslagsbreytingunum og á því svæði koma fram afdrifaríkari einkenni þeirra en á öðrum sambærilegum svæðum á norðurhveli jarðar (Birger Sandell og Hanne Tuborg Sandell [án árs]).

Tugir vísindamanna ferðast til þessa svæðis til þess eins að framkvæma rannsóknir á þessu tiltekna hveli. Landsvæðið hefur að geyma gríðarlegan fjölda heimskautaplöntu- og dýraríki en í grunninn hafa vísindamenn mestan áhuga á fornum flutningum Grænlendinga af svæðinu og hvernig lífsmáti þeirra er í nálægum bæjum (Birger Sandell og Hanne Tuborg Sandell [án árs]).

Pann 4. september árið 1925 sigldi skipið Gustav Holm að landssvæði Ittoqqortoormiit með 70 landnemum frá Ammassilik um borð. Nær allir farþegarnir gripu inflúensu á siglingunni. Elstu farþegarnir létu lífið, en samband var haft við íslenskan lækni sem gaf upp ýmsar nytsamlegar leiðbeiningar um meðhöndlun sýkinnar, m.a. til að koma í veg fyrir dauðsföll. Óvissan um komandi heimaslöðir, veikindi og hið nýja líf sem beið þeirra var ógurleg (Birger Sandell og Hanne Tuborg Sandell [án árs]).

Þjóðgarðar Íslands

Þingvellir eru sögufrægasti staður landsins en hann stendur í hjarta Þingvallasveitar. Garðurinn hefur verið friðaður frá því árið 1930 þegar hann var stofnaður með lögum. Í lögunum segir að Þingvellir skuli vera friðlýstur helgistaður landsmanna, landið skuli ætíð vera í eigu Íslendinga undir vernd Alþingis. Friðun svæðisins átti sér þó aðdraganda. Í upphafi 20. aldar voru mörg stór náttúrusvæði friðuð í Bandaríkjunum og bárust þær fregnir hægt og rólega hingað til lands. Landsmenn fengu þá nýja sýn á vernd landsins. Með því að friða stór landsvæði var fólkvi hvorki leyft að nema þar land né nýta náttúru þess á annan hátt en að ferðast um landið og njóta hinnar stórbrotnu náttúru Íslands („Um þjóðgarðinn“ [án árs]).



Mynd 15: Þingvellir.

Þjóðgarðurinn hefur verið nýttur til húshitunar á háhitunarsvæðinu að Nesjavöllum. Árið 1990 hófst framleiðsla á heitu vatni til þessarar hitunar og um átta árum síðar hófst raforkuframleiðsla fyrir höfuðborgarsvæðið á sama svæði. Umhverfi þjóðgarðsins er að miklu leyti ólíkt öðru landslagi á Suðurlandi. Hann er með miklu hrauni og kjarri vaxinn og hefur stór

og mikil fjöll úr móbergi, einni elstu tegund bergs á Íslandi. Fjöllin setja gríðarmikinn svip á þjóðgarðinn sem slíkan og gefa honum þann blæ sem hann ber með sér („Þjóðgarðar Íslands” 2013).

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var settur á heimsminjaskrá þann 2. júlí 2004 á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi mannsins í Suzhou í Kína. Sú ráðstefna bar yfirheitið; „Það skaðar arfleið allra þjóða heims ef einhver hluti hinnar menningarlegu- eða náttúrulegu arfleiðar spillist eða hverfur”. Það að setja Þingvelli á heimsminjaskrá opnaði marga nýja möguleika, m.a. jóm það hlutfallslegan fjölda þeirra ferðamanna sem heimsækja landið og tryggði Íslendingum friðun þjóðgarðsins um ár og aldir („Þjóðgarðar Íslands” 2013).

Þjóðgarðurinn í Skaftafelli var friðaður árið 1967 en í nágrenni hans er að finna mestu náttúruperlur íslenskrar náttúru. Árið 2004 var ákveðið að stækka þjóðgarðinn, áður hafði hann náð að hluta til yfir Vatnajökul en nú nær hann yfir u.p.b. 57% jökulsins. Einnig voru Lakagígarnir teknir með það sama ár til friðunar. Lakagígar eru eldstöð, 25 km löng gígaröð sem gaus árið 1783. Í dag nær þjóðgarðurinn yfir 4807 km² („Þjóðgarðar Íslands” 2013).

Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfur er mun minni að flatarmáli en þjóðgarðurinn í Skaftafelli. Hann nær yfir 150 km² og u.p.b. 35 km langt svæði yfir vestanvert gljúfrasvæði Jökulsár á Fjöllum. Ásbyrgi, sem er mjög þekktur fjölskyldustaður á sumrin þar sem Sleipnir er talinn hafa stigið niður fæti, tilheyrir einnig þjóðgarðinum. Það er mjög vinsælt svæði fyrir útilegur, ættarmót og aðrar samkomur yfir sumartímann.

Að mati sumra Íslendinga er Þjóðgarðurinn Jökulsárgljúfur einn fugursta staður Íslands en einnig hafa áhugamenn um jarðfræði og flóru verið áhugasamir um rannsóknir á svæðinu í sögulegu samhengi („Þjóðgarðar Íslands” 2013).

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður þann 28. júní 2001. Hann er þó ekki jafn þekktur og þeir áðurnefndu. Mörk hans eru við austurjaðar jarðarinnar Gufuskála á norðurhluta nessins og nær garðurinn austur fyrir jökul. Einnig suður að Háahrauni og til sjávar í Gafavík. Meðal merkra staða í garðinum eru m.a. Arnarstapi, Djúpalónssandur, Snæfellsjökull og Dritvík („Þjóðgarðar Íslands” 2013).

Vatnajökulsþjóðgarður er stærsti þjóðgarður Evrópu en hann nær nú yfir 12.000 km² svæði sem eru um 12% landsins, og hann mun stækka í náinni framtíð. Þjóðgarðurinn var



Mynd 16: Jökulsárgljúfur.

stofnaður þann 7. júní árið 2008. Garðurinn nær yfir þjóðgarða Skaftafells og Jökulsárgljúfur sem og Vatnajökul, Vesturöræfi, Snæfell og svæði („Þjóðgarðar Íslands” 2013).

Margir ferðamenn, innlendir og erlendir, leggja leið sína í Vatnajöklusþjóðgarð og kanna þá víðáttumiklu náttúru sem hann hefur upp á að bjóða („Þjóðgarðar Íslands” 2013).



Mynd 17: Botnstjörn í Ásbyrgi.

Fornleifarannsóknir í þjóðgerðum Íslands

Á 18. öld hófust rannsóknir á fornnum mannvistarleifum á Þingvöllum og allt frá þeim tíma hafa verið gerðar margvíslegar mælingar. Fyrstu sögur af Þingvöllum eru frá árinu 1700 en þar er sagt frá Lögbergi. Það er sagt hafa verið á Spönginni í Flosagjá en fræðimenn hafa deilt um það hvort það reynist satt eða ekki („Fornleifarannsóknir fram til 2000” [án árs]).

Það var á 19. öld sem fornleifarannsóknir hófust fyrir fullt á Þingvallabjóðgarði og náttúru hans. Gamlar byggingar fengu táknaðt gildi í baráttu Íslendinga fyrir sjálfstæði. Margar rannsóknir hafa verið gerðar síðastliðna áratugi en merkasti fornleifafundurinn er tábagall, tignarmerki biskupa, sem fannst í Þingvallatúni árið 1957, en þá var verið að grafa fyrir jarðstreng. Einnig fundust árið 1999 leifar af kirkju frá 16. öld sem talin er vera fyrsta kirkjan á þessum stað („Fornleifarannsóknir fram til 2000” [án árs]).

Stjórnmál á Grænlandi

Grænland er undir stjórn Dana og drottning Grænlands og Danmerkur heitir Margrethe II, fullu nafni Margarethe Alexandrine Þórhildur Ingrid. Danska veldið er með sendiherra til að kynna



Mynd 18: Kuupik Kleist forsætisráðherra Grænlands.

Danaveldið fyrir Grænlendingum. Formaður ríkistjórnar Grænlands er forsætisráðherrann, sem er venjulega formaður þess flokks sem er í meirihluta á þingi. Núverandi forsætisráðherra Grænlands er Kuupik Kleist úr Inúita floknum og núverandi sýslumaður er Mikaela Engell („Greenland, Government” 2013).

Grænlendingar kjósa two fulltrúa til að sitja á 179 manna þingi í Danmörku sem kallast Fólksþing. Í dag eru þau Sara Olsvig úr Inúita floknum og Aleqa Hammond úr Fremri floknum fulltrúar Grænlands á þinginu, en Aleqa Hammond er

fyrsti kvenkyns formaður Fremri flokksins. Grænland hefur einnig þing innanlands sem kallast Landsþing en þar eru 31 þingsæti („Greenland, Government” 2013).



Mynd 19: Margarethe II, drottning Danmerkur og Grænlands.

Stjórnsmálflokkar Grænlands eru Inútíta flokkurinn (e. Inuit Community), Fremri flokkurinn (e. Forward), flokkur Demókrata (e. Democrat), Samfélagsflokkurinn (e. Feeling of Community) og Félag kandídata (e. Association of Candidates). Fjöldi manna á landsþinginu skiptast þannig; Inútíta flokkurinn hefur 14 fulltrúa, fremri flokkurinn 9 fulltrúa, flokkur Demórata hefur fjóra, Samfélagsflokkurinn hefur þrjá og Félag kandídata hefur einungis einn fulltrúa („List of political parties in Greenland” 2012).

Þó að Grænland sé að mestu óbyggt þá var landinu skipt niður í þrjár sýslur, en árið 2009 voru þær afnumdar og síðan þá hefur landinu verið skipt niður í fjögur sveitarfélög. Þessi sveitarfélög eru Sermersooq í kringum Nuuk, Kujalleq í kringum Farewell höfða, Qeqqata norðan við höfuborgina og Qaasuitsup til norðvesturs. Á norðausturhluta Grænlands er svo Norðausturþjóðgarður Grænlands („Greenland, Government” 2013).

Stjórnmál á Íslandi

Ísland er lýðveldi og hefur þingbundna stjórn. Landið hefur sinn eigin forseta, Ólaf Ragnar Grímsson, og forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur. Áður fyrr var landið undir stjórn Dana líkt og Grænland er nú, en árið 1944 varð Ísland fullvalda ríki („Ísland” 2013).

Á Íslandi eru 63 sæti á Alþingi, sem er löggjafarþing landsins, og eru fjórir megin stjórnsmálflokkar hér á landi. Alþingi velur sér forseta í upphafi hvers kjörtímabils og starf hans er að hafa yfirumsjón með fundum þess. Núverandi forseti Alþingis er Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, sem einnig er þingmaður Samfylkingarinnar. Sjálfstæðisflokkurinn hefur 16 fulltrúa á þingi, Samfylkingin 19, Vinstir Grænir hafa 11 fulltrúa, Framsóknarflokkurinn hefur 9, Hreyfingin 3 fulltrúa og óháðir hafa 5 fulltrúa („Alþingi” 2013).

Íslandi er skipt niður í landshluta, kjördæmi, sýslur og sveitarfélög. Landinu er skipt



Mynd 20: Ólafur Ragnar Grímsson forseti og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra.

niður í átta svæði sem eru að mestu leyti notuð vegna tölfraði. Fram til ársins 2003 voru kjördæmin fyrir Alþingiskosningarnar þau sömu og svæðin, en vegna breytinga á stjórnarskránni var þeim breytt úr átta kjördæmum í sex. Kjördæmin eru; Reykjavík norður, Reykjavík suður, Suðvestur, Norðvestur, Norðaustur og Suður. Á Íslandi eru 23 sýslur og 75 sveitarfélög. Reykjavík er langstærsta sveitarfélagið, en það er rúmlega fjórum sinnum stærra en Kópavogur sem er nærst stærsta sveitafélagið („Iceland“ 2013).

Samgöngur á Grænlandi

Á Grænlandi er ekki mikið um almenningssamgöngur. Fólk ferðast mikið á hundasleðum, þar sem grænlenskir sleðahundar eru notaðir til þess að draga fólkvið. Ef fólk vill fara í aðra bæi þá verður það að ákveða það með dágóðum fyrirvara, því það verður að fara með innanlandsflugi, en einungis er flogið einu sinni í viku („Áfangastaðir“ 2013). Þessi flugvél getur ekki flogið ef veðrið er vont eða skyggni er slæmt. Hversu kaldhæðnislegt sem það má virðast þá má ekki sjást snjókorn á himninum á Grænlandi, af öllum stöðum, því þá flýgur flugvélin ekki. Vélin er einnig mjög lítil og rúmar aðeins fátt fólk. Ófrískar konur frá Ittoqqortoormiit þurfa að fara með flugvélinni til Nuuk þegar þær eru komnar 8 mánuði á leið, því þar er sjúkrahús, en það eru engar ljósmaður né læknar í Ittoqqortoormiit. Ófrískar konur hafa forgang í flugvélina ásamt þeim eina lækni sem er til staðar og fleiri mikilvægum mönnum (Herdís Guðmundsdóttir 2011).

Árið 1985 byggði bandaríkska olíufyrirtækið ARCO fugvöllinn Constable Point/ Nerlerit Inaat. Ástæðan fyrir byggingunni var olíuleit á svæðinu, en leitin hefur ekki borið árangur og árið 1990 yfиргaf ARCO svæðið og gaf Grænlensku flugmálastofnuninni flugvöllinn. Flugvöllurinn er í 45 km fjarlægð frá Ittoqqortoormiit og er einn afskekktasti flugvöllur Grænlands. Þyrla á vegum Air Greenland sér um vöru- og farþegaflutninga á milli flugvallarins og bæjarins. Hugmyndir hafa komið upp um að flytja flugvöllinn frá Constable Point til Ittoqqortoormiit en þeim hugmyndum var fljótt ýtt til hliðar, og ástæðan var sú að það myndi hafa áhrif á dýralíf þar. Grænlendingar eru mjög reiðir vegna þessa og segja að dýrin komi og fari eins og þeim hentar og því ætti það ekki að hafa mikil áhrif á þau (Herdís Guðmundsdóttir 2011).



Mynd 21: Þyrla á vegum Air Greenland.

Flugfélag Íslands flýgur til Nuuk, Kulusuk, Constable Point, Iluissat og Narsaruaq. Samkvæmt heimasíðu Flugfélags Íslands tekur flug til Iluissat um 5 klukkustundir, fargjaldið aðra leið kostar frá 40.890 ísk. og báðar leiðir frá 81.780 íslenskum krónum. Flug til Kulusuk er örлітиð ódýrara og tekur einungis um 2 klukkustundur að fljúga þangað. Ekki er hægt að aka frá flugvellinum en það er hægt að ganga í bæinn og tekur það um 40 mínútur. Það er flogið tvívar sinnum í viku til Constable Point en þaðan verður ferðamaðurinn að taka þyrluflug, sem gengur reglulega til Ittoqqortoormiit („Áfangastaðir 2013”).

Royal Arctic Line, sem er í eigu Grænlensku heimastjórnarinnar, hefur fengið einkaleifi á siglingum til og frá Grænlandi. Skip frá RAL sigla á milli Kulusuk og Álaborgar í Danmörku, en Reykjavík er einnig viðkomustaður á siglingarleið Royal Arctic Line frá Danmörku til Grænlands. Á þriggja vikna fresti hleður Eimskip gáma af mat og fleiri vörum, RAL tekur þær birgðir í Reykjavík og fer með þær til Nuuk og þaðan til frekari dreifingar. Samkvæmt áætlun RAL eru viðkomur í Reykjavík u.p.b. 20 á ári. Á veturna er Reykjavík notuð sem safnhöfn vegna flutninga milli Grænlands og Kanada eða Bandaríkjanna. Eimskip flytur síðan vörurnar áfram til Ameríku og öfugt. Mun meira er flutt inn til Grænlands en út („Áfangastaðir” 2013).

Samgöngur á Íslandi

Um Ísland er allt aðra sögu að segja, hingað til lands fljúga mörg flugfélög. Hér á landi eru fjórir alþjóðaflugvellir; í Keflavík, Reykjavík, Akureyri og Egilstöðum, og samtals um 70 lendingarstaðir á við og dreif um landið („Flugvellir á Íslandi” 2007). Hingað streyma ferðamenn í þústundatali og er talið að þeim muni fjölgva næsta sumar. Búist er við að í sumar muni 16 flugfélög fljúga hingað og að um 15.500 farþegar fari daglega um flugstöð Leifs Eiríkssonar þegar mest verður („Sextán félög fljúga til Íslands” 2013).

Mesti kosturinn við Ísland, í þessum samgöngumálum, er líklegast að frá þessum flugvöllum er hægt að ganga í bæinn eða taka flugrútu. Menn eru ekki fastir á flugvellinum og innanlands-flug er mun oftar en einu sinni í viku, eins og á Grænlandi. Allar samgöngur eru mun auðveldari hér á landi en á Grænlandi. Hér er hægt að fara keyrandi, fljúgandi eða með rútu eða strætó um allt land. Enginn bær eða þorp er það illa staðsett að ekki sé greið leið að því, hvort heldur keyrandi eða fljúgandi. Íslensk veðrátta getur þó sett strik í reikninginn, en Íslendingar átta sig ekki á því við hversu góðar aðstæður þeir lifa.

Heilbrigðisþjónusta á Grænlandi og Íslandi

Líkt og á Íslandi hafa allir á Grænlandi aðgang að læknisþjónustu. Í minnstu bæjum Grænlands eru þó ekki heilsugæslur og þarf fólk að ferðast til stærri þorpa til að sækja meiri útbúnað og fá réttu lyfin. Það er svipað og á Íslandi nema að um allt Ísland eru útibú og ef það ekki læknir á staðnum eru ráðnir læknar sem sjá um viss svæði og fara á milli bæjanna svo fólk þurfi ekki að ferðast eins mikið á milli (Kattaliit Rosenørn Løvstrøm 2013).

Á Grænlandi er aðeins einn spítali og hann er staðsettur í höfuðborg Grænlands, Nuuk, og er þar eini útbúnaðurinn og réttu læknarnir t.d. fyrir skurðaðgerðir og lyfjameðferðir. Ef fólk þarf á flóknari skurðaðgerðum að halda er það sent til Danmerkur. Á Íslandi eru mun fleiri spítalar þó þeir bjóði ekki allir uppá flóknari læknishjálp líkt og Landsspítalinn. Einnig eru Íslendingar stundum sendir erlendis til að fara í aðgerðir en miklar framfarir hafa þó orðið á Íslandi undanfarin ár og minnkað til muna að sjúklingar séu sendir erlendis (Kattaliit Rosenørn Løvstrøm 2013).

Grænlendingar undir 18 ára aldri þurfa ekki að borga lyfjameðferðir o.p.h. líkt og hér á landi, heldur borgar ríkið, líka ferðirnar til Danmerkur fyrir þá sem þurfa á því að halda. Þó eru til frávik þar sem fólk þarf að borga sjálft ef aðgerðirnar eru flóknar en geta þá fengið einhvern hluta niðurgreiddan (Kattaliit Rosenørn Løvstrøm 2013).

Í langflestum bæjum á Grænlandi eru sjúkrabílar, þó ekki í minnstu bæjunum en þar sem samgöngur í Grænlandi eru erfiðar eiga sjúkrabílarnir oft í erfiðleikum með að ferðast á milli staða (Kattaliit Rosenørn Løvstrøm 2013).

Heilbrigðiskerfið á Íslandi er mun betra en á Grænlandi vegna aðstæðna, tækja og menntunar lækna. Stundum þarf að senda lækna frá Íslandi með þyrlu til Grænlands í neyðartilvikum, ef ekki er til staðar sá læknir í Grænlandi sem getur séð um aðstæðurnar (Kattaliit Rosenørn Løvstrøm 2013).

Varðandi sjúkraflug á Grænlandi þá sjá Íslendingar um að fljúga með sjúklingana frá Grænlandi og hingað til lands. Fyrirtækið sem sér um það heitir Norlandair. Þeir eru með lánsvél frá Mýflugi, vegna þess hversu vel hún er útbúin og flýgur mjög hratt. Þegar útkall verður er ekki óalgent að Grænlendingar fljúgi með sjúklinginn, á þyrlu frá Air Greenland, út á næsta flugvöll og þar taki Íslendingarnir við sjúklingnum og flytja



Mynd 22: Flugvél frá Norlandair.

hann svo á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri eða beinustu leið til Reykjavíkur (Hallgrímur Páll Leifsson 2013).

En Norlandair sér ekki einungis um sjúkraflug, þeir bjóða einnig upp á leiguflug. Þeir bjóðast til þess að fljúga með námufyrirtæki, vísindamenn og fleiri stofnanir. Þeir fá oft flugvélar lánaðar frá Mýflugi, því vélarnar þeirra eru þannig hannaðar að þær geta lent þar sem ekki eru flugbrautir. Norlandair er að fjölda viðkomustöðum sínum og 6. mars næstkomandi munu þeir hefja flug til Nerlerit Inaat í Constable Point. Yfir vetrartímann munu þeir fljúga tvívar í viku en yfir sumarið einungis einu sinni í viku („New scheduled route from Akureyri to Nerlerit Inaat (Constable Point)“ 2012).

Atvinna á Grænlandi

Sjávarútvegur er eina atvinnugrein margra landsmanna utan höfuðborgarinnar Nuuk og er jafnframt eina atvinnugreinin sem getur framfleytt mörgum fjölskyldum. Fólk úti á landi getur stundað fiskveiðar, en það gengur einungis vegna fjárhagsstuðnings frá hinu opinbera (Elna Egede 2009).

Grænlenska heimastjórnin er með ný fiskveiðilög í vinnslu sem ætlað er að auka afköst sjávarútvegsins. Þar með mun fjöldi sjómanna og iðnverkamanna missa tekjur sínar, sem nú þegar hefur dregið verulega úr. Rannsóknir sýna að mikill hluti grænlenskra barna býr við nöturlegar aðstæður þar sem bæði er skortur á mat og nægilegri umhyggju foreldranna sem hafa ekki orku til að tryggja grunnþarfir barnsins (Elna Egede 2009).

Samkvæmt rannsókn sem byggðist á viðtölum sem MIPI, stofnun grænlensku heimastjórnarinnar sem rannsakar og safnar þekkingu um börn og unglings, gaf út árið 2008 þá tilheyra fjörutíu prósent grænlenskra barna fjölskyldum sem neyðast til að leita opinberrar aðstoðar, a.m.k. hluta ársins. Félagslega öryggisnetið er ekki eins þétt í Grænlandi og það er á hinum Norðurlöndunum, og sem dæmi má nefna þá eru engar atvinnuleysistryggingar á Grænlandi. Venjulegir atvinnulausir einstaklingar sem njóta opinberrar aðstoðar og hafa tvö börn á framfæri sínu geta fengið allt að 650 danskar krónur greiddar á viku til að standa straum af kostnaði við mat, klæði og aðrar daglegar nauðsynjavörur. Á Grænlandi eru svæði þar sem nánast ómögulegt er að fá atvinnu því hinar deyjandi atvinnugreinar, veiðar og fiskveiðar, eru eini atvinnukosturinn (Elna Egede 2009).

Atvinna á Íslandi

Á undanförnum áratugum hefur íslenskt samfélag þróast frá því að vera einfalt bændasamfélag yfir í það að vera flókið neyslusamfélag. Þróun atvinnulífsins hefur einkennst af kröfum um meiri fjölbreytni, og í vestrænni menningu eins og á Íslandi eru sterkar hefðir fyrir vinnumenningu og viðhorfi til vinnu. Í nútímaþjóðfélagi eru meiri kröfur gerðar um innihald vinnu og hentugt vinnufyrirkomulag, svo samræmi náist milli einkalífs og vinnu, en áður fyrr. Einnig getur menntun skipt máli þegar kemur að atvinnufyrirtækjum, þ.e.a.s. hvort einstaklingur hafi þá reynslu eða hæfni sem til þarf (Snjólaug Arndís Ómarsdóttir 2011).

Hnattvæðing hefur breytt skilyrðum á vinnumarkaði með opnun markaðar og afnámi ýmissa hafta og þannig greitt fyrir viðskipti á milli landa. Hér á landi var atvinnulíf mjög einhæft allt fram á síðasta áratug síðustu aldar, en þá var hér ráðandi atvinnustefna sem grundvallaðist á nýtingu náttúruauðlinda. Með þeirri stefnu byggðu Íslendingar afkomu sína á útflutningi fárra afurða sem er eitt af einkenum fátækra þróunarlanda frekar en ríkra iðnaðarlanda. Þegar líða tók á öldina urðu kröfur um meiri fjölbreytileika í sjálfu atvinnulífinu. Með breyttu starfsumhverfi og meira frjálsræði batnaði staðan á íslenskum vinnumarkaði (Snjólaug Arndís Ómarsdóttir 2011).

Skv. tölum frá Hagstofu Íslands var atvinnuleysi á Íslandi í nóvember 2012 4,4% („Vinnumarkaður í nóvember 2012“ 2012). Til þess að eiga rétt á atvinnuleysisbótum á Íslandi þarf bótpagi að hafa starfað í a.m.k. þrjá mánuði á Íslandi. Gerð er krafa um að einstaklingur sé atvinnulaus, í virkri atvinnuleit og tilbúinn að taka öllum almennum störfum sem bjóðast hvar sem er á landinu („Tekjur í atvinnuleysi á Íslandi“ [án árs]).

Menntun á Grænlandi

Árið 1721 fór presturinn Hans Egede til Grænlands frá Danmörku til að leita norrænna manna. Á Grænlandi fann hann einungis inúíta og hóf trúboð meðal þeirra. Hann byggði trúboðsstöð í Nuuk og hóf verslun á vegum danska konungsins. Upp frá þessu var Grænland í raun dönsk nýlenda. Lúterskir trúboðar vildu að allir kristnir íbúar gætu lesið biblíuna og önnur trúarleg verk og því voru skólar stofnaðir. Árði 1724 voru tveir Grænlendingar sendir til Danmerkur til að læra tungumál og siði landsins. Í upphafi voru flestir kennarar danskir trúboðar sem, vegna ófullnægjandi menntunar og tungumálahæfileika, náðu ekki að uppfylla þarfir nemendanna. Því var háskóli kennara stofnaður árið 1845. Það var þó ekki fyrr en árið 1928 sem danska varð að

skólafagi á Grænlandi (Karl Kristian Olsen 2006).

Í dag er skólaskylda fyrir öll grænlensk börn á aldrinum 6 til 15 ára. Menntun á Grænlandi fylgir sömu námsskrá og reglum og í Danmörku. Í grunnskóla eru kennd hefðbundin fög auk þess sem áfangar í kennslu á meðferð skotvopna, ómissandi kunnáttu í mörgum samfélögum sjálfsþurftarbúskaps, eru kenndir. Þegar börn ljúka grunnskólanámi er komið að framhaldsskólastigi og þar er boðið upp á heimavistarskóla. Starfstengd þjálfun er einnig í boði. Margir af þessum skólum leggja áherslu á þjálfun ungmenna fyrir störf í sjávarútvegi, en einnig er boðið upp á námskeið í byggingum, viðskiptum eða málvminnslu. Skólakennsla Grænlands byggist að miklu leyti á dönskum kennurum og stjórnendum til að halda skólakerfi þeirra gangandi. Nemendur sem óska eftir því að halda áfram námi á háskólastigi flytja sig yfirleitt til Danmerkur og fara þar í háskóla, en einn háskóli er á Grænlandi, Greenland University (Ilisimatusarfik), sem staðsettur er í Nuuk („Greenland” [án árs]).

Menntun á Íslandi

Íslenska skólakerfið er líkt og hjá hinum norðurlandaþjóðunum. Það skiptist í fjóra hluta; leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Leikskóli er fyrir börn á aldrinum eins til sex ára, en það er ekki skylda að hafa börn á leikskóla. Skólaskylda er fyrir öll börn á grunnskólaaldri, eða 6 til 16 ára. Framhaldsskóli er fyrir unglings á aldrinum 16 til 20 ára, en í mörgum framhaldsskólum landsins eru margir eldri nemendur. Framhaldsskólinn er ekki skylda heldur val hvers einstaklings fyrir sig, sem lýkur með stúdentsprófi. Efsta stig skólagöngu á Íslandi er háskólastig og til að komast inn í háskóla þarf einstaklingurinn að hafa lokið stúdentsprófi. Grundvallarregla í íslensku menntakerfi er að allir skuli hafa jöfn tækifæri til menntunar, án tillits til kyns, fjárhags, búsetu, fötlunar, og menningar- eða félagslegs bakgrunns („Education in Iceland” 2013).

Fjölskylduvenjur á Grænlandi

Hagrædd hjónabönd eru ekki úr sögunni en flest stéttarfélög hafa val. Flest hjónabönd eru eins og við þekkjum þau en sumir menn eru giftir feiri en einni konu í einu. Meðalfjölskylda samanstendur af fjórum einstaklingum, tveimur fullorðnum með tvö börn. Skyldmenni í fjölskyldunni eru mjög mikilvæg í grænlenska samféluginu og ættingjarnir meðhöndlægir auðlindir sem samfélagslega eign. Til dæmis er maturinn úr veiði og fiskveiði yfirleitt skipt jafnt á milli fjölskyldna í ættinni. En Inúítarfjölskyldur mynda einnig bandalög utan ættar sinnar. Bandalögin stafa af sögulegum og nútíma áhyggjum og byggjast á því að lifa af. Þeim er reglulega haldið við í gegnum helgisiði, með virðingu og með því að gefa gjafir. Inúítar gera mikið úr þeim tíma árs sem börn þeirra fæðast, vetrarbörn (axigirn) og sumarbörn (aggirn) eru heilsuð með mismunandi fæðingarsiðum, allt frá því fyrsta sem þau borða til þess sem þau klæðast. Eftir því sem grænlensk börn eldast njóta þau mikils frelsis miðað við vestræna staðla („Greenland” [án árs]).

Flestir Grænlendingar tilheyra lúthersku kirkjunni þar sem hún er þjóðkirkja Dana, en hefðbundin andatrú er enn sterkt í mörgum afskekktum samfélögum á Grænlandi. Meðlimir grænlenskra samfélaga halda áfram að stunda ýmsa helgisiði sem þeir erfðu frá forfeðrum sínum, og getur verið allt frá því að gefa trúarlegar þakkir til bjarna, hvala og annarra dýra („Greenland” [án árs]).

Fjölskylduvenjur á Íslandi

Íslendingar ganga ekki endilega í hjónaband áður en þeir fara að búa og eignast börn. Fæðingar utan hjónabands eru yfirleitt ekki litnar hornauga eins og tíðkaðist hér áður fyrr. Margir eiga hálfssystkini eða eru tengdir í gegnum stjúpforeldri. Fjölskyldan er stofnuð í kringum heimilið og stórir fjölskylduhópar koma saman árlega á ættarmótum. Vinátta og önnur tengsl eru mjög mikilvæg og mikið er um vinahópa þar sem ekki er um skyldleika að ræða („Iceland” [án árs]).



Mynd 23: Hluti af grænlenskri fjölskyldu; gleði ríkir í fjölskyldulífinu.

Fólk á Íslandi vinnur mikið. Smábörn byrja oft á tíðum í leikskóla þegar þau eru tveggja ára og eru í skóla þangað til þau ná 16 ára aldri. Eitt eða fleiri tímabil menntunar fylgja og



Mynd 24: Fjölskylduhópur samankominn á ættarmóti.

margir Íslendingar ná 30 ára aldri áður en menntun þeirra er lokið. Þeir eyða restinni af ævinni í að borga af námslánnum sem þeir hafa safnað á þessum tíma. Skólaárið var hér áður fyrr stutt en börn eru nú í skólanum í yfir níu mánuði ársins. Menntakerfið kemur vel út í samanburði við önnur kerfi um allan heim samkvæmt könnun alþjóðlegra stofnana. Flestir Íslendingar vilja eiga fasteignirnar sem þeir búa í þó fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hafi hækkað

verulega á undanförnum árum. Flestir foreldrar vinna á meðan börnin eru í skólanum, farsímar eru mjög algengir meðal fullorðinna og barna og flest heimili hafa nettengingu („Useful Information about Iceland” [án árs]).

Matarvenjur á Grænlandi

Grænlensk matargerð er að mestu byggð á hreindýrakjöti, fuglum og fiski, sem er mjög protín- og fituríkt fæði. Á Grænlandi er matur ekki eins fjölbreyttur og við þekkjum hér á landi og því mikilvægt að borða protínríkan mat. Allt frá landnámi hefur matargerð orðið fyrir dönskum og kanadískum áhrifum og segja má að mikið af matreiðsluaðferðum og matvælum sé líkt og hjá Dönum. Grænlendingar veiða sér nánast einungis til matar og bjarga sér að mestu leyti sjálfir. Þeir veiða fiska, hreindýr, seli, rostunga, hvali og fugla („Greenlandic cuisine” 2012), en fá þó ýmsar ferskar matvörur með flugi frá Akureyri.

Sumir halda að vegna þess að Grænlendingar borða svo mikið af villtum dýrum þá hljóti þeir að borða ísbjarnakjöt, en það er algengur misskilningur. Það getur verið stórhættulegt að borða kjötið af þeim því það inniheldur yfirleitt mikið magn sníkjudýra, en ef það á að borða kjötið þarf að elda það rosalega vel og lengi til að drepa öll sníkjudýrin og er það einungis gert í neyð („Greenlandic cuisine” [án árs]).

Þjóðarréttur Grænlendinga kallast Suaasat og er hefðbundin grænlensk súpa. Hún er gerð



Mynd 25: Vöðuselskjöt.

úr selum, hvöllum, hreindýrum eða sjófuglum, eftir því hvers konar kjöt er til á hverjum tíma. Hún inniheldur gjarnan lauk og kartöflur og er krydduð með salti og pipar, og jafnvel lárvíðarlaufum. Til að þykkja hana er hrísgrjónum oft bætt út í („Greenlandic cuisine” 2012).

Matarvenjur á Íslandi

Margir halda að íslenskur matur sé hinn eini sanni matur sem borinn er fram á þorrabakkanum. Það er ekki rétt, þótt sumir réttirnir eigi sér langa sögu eru þeir langt frá því að vera óbreyttir frá upphafi. Sá matur sem fólk elst upp við, svokallaður mömmu- eða ömmumatur, er ekki síður íslenskur þó flestir réttirnir séu komnir frá Danmörku. Margir réttir eins og skyrhræringur, lifrapysla og fiskibollur eru íslenskir réttir þrátt fyrir að uppskriftirnar séu kannski upprunalega komnar að utan.

Þorramatur er hefðbundinn íslenskur matur sem hefð er fyrir að bera fram á þorranum. Mörg veitingahús í Reykjavík og annars staðar á landinu bjóða upp á þorramat á þorranum, sem oftast eru kjöt-eða fiskiafurðir, verkaðar með hefðbundnum aðferðum og bornar fram niðursneiddar í trogum. Upphaf þorramatar má rekja til miðsvetrarmóta hinna ýmsu átthagafélaga á fyrrri hluta 20. aldar. Á þessum móturnum upp úr 1950 voru oft auglýst „hlaðborð”, „íslenzkur matur” eða „íslenzkur matur að fornum sið” og voru þar bornir fram nokkrir réttir vel þekktir í íslenskum sveitum en voru orðnir sjaldséðir á borðum íbúa þéttbýlissaða á 6. áratug síðustu aldar („Þorramatur” 2012).

Á síðari árum hefur færst í vöxt að á þorrabakkanum séu einnig matvæli sem eiga sér langa sögu en eru algeng á heimilum landsins, s.s. harðfiskur, hangikjöt og saltkjöt. Þorramaturinn hefur þannig þróast með árunum og tekið mið af breytingum á matarsmekk

(„Þorramatur” 2012).

Íslendingar mega vera og eru mjög ánægðir með það sem þeir hafa, eins og hversu heppin við erum með auðlindir, land og matarvenjur. Við veiðum okkar eigin fisk, ræktum okkar eigið kjöt t.d. lambakjöt, hrossakjöt, nautakjöt, svínakjöt og hreindýrakjöt og við veiðum og



Mynd 27: Kæstur hákarl.



Mynd 26: Þorramatur.

ræktum okkar eigin fugla, s.s kjúkling, endur, gæsir og rjúpur.

Íslenskur og grænlenskur matur er kannski ekki svo ólíkur ef litið er á upprunann því flestar matarvenjurnar koma frá Dönum. Við Íslendingar höfum kannski þróað hann hraðar og aðlagað hann betur að okkar aðstæðum en Grænlendingar.

Íþróttir og tómstundir á Grænlandi

Íþróttasamband Grænlands var stofnað árið 1953, en var framan af hluti af Íþróttasambandi Danmerkur. Þegar Grænland fékk heimastjórn árið 1979 varð ljóst að Grænlendingar ættu að reyna að fá sjálfstætt íþróttasamband. Það varð þó ekki fyrr en árið 1996 sem Íþróttasamband Grænlands varð sjálfstætt frá Íþróttasambandi Danmerkur. Síðan þá hafa samböndin unnið að því í sameiningu að þróa samtök á landsvísu sem og á alþjóðavettvangi. Íþróttir eins og



Mynd 28: Grænlendingar að spila fótbalta.

badminton, handbolti, borðtennis, blak og taekwondo eru allar hluti af alþjóðasambandinu. Skíðafélag Grænlands er að vinna að því að fá aðild að FIS, alþjóðlega skíðasambandinu, á næstu 2-3 árum og fótboltasambandið var í samningaviðræðum við FIFA, alþjóðlega fótboltasambandið, um að fá að taka þátt í alþjóðlegum keppnum („Sports in Greenland” [án árs]).

Skilyrðin á Grænlandi eru ólík flestum öðrum löndum. Það er ómögulegt að halda venjuleg móti vegna þess hve ferðakostnaður er mikill þar sem einungis er hægt að fara með flugvél eða bát á milli bæja, og á veturna eru veðurskilyrði oft svo slæm að ekki er hægt að ferðast. Grænlenskt íþróttafólk getur tekið þátt í ýmsum keppnum en þarf þá að keppa undir danska fánanum, þ.e. eins og það sé dansk („Sports in Greenland” [án árs]).

Á Grænlandi eru rétt rúmlega 200 íþróttafélög og um 12.500 íþróttaiðkendur. Á aldrinum 0-13 ára stunda 3700 einstaklingar íþróttir, á aldrinum 14-17 ára eru um 2500 iðkendur og 18 ára og eldri eru um 6300 iðkendur. Í heildina eru fleiri karlkyns íþróttaiðkendur en kvenkyns á Grænlandi, en um 37% íþróttaiðkenda á Grænlandi eru kvenkyns („Sports in Greenland” [án árs]).

Íþróttir og tómstundir á Íslandi

Úrval af tómstunda- og íþróttaiðkun er mikið á Íslandi. Börn og unglingar stunda víðsvegar hinar ýmsu íþróttir og tómstundir og einnig sækja þau hin ýmsu námskeið. Íþróttá - og Ólympíusamband Íslands, ÍSÍ, eru heildarsamtök íþróttahreyfingar hér á landi. Landinu er síðan skipt í íþróttahéruð og í hverju þeirra er eitt íþróttabandalag allra íþróttafélaganna í héraðinu („Íþróttir og tómstundir“ [án árs]). Íþróttir eru vinsælar á Íslandi og skv. iðkendatöllum frá ÍSÍ stunda um 86.000 einstaklingar íþróttir með íþróttá-félagi innan ÍSÍ, eða um 27% þjóðarinnar. Skv. tölum frá ÍSÍ þá eru vinsælustu íþróttir landsmanna fótbolti, golf og hestamennska („Starfsskýrslur ÍSÍ - Iðkendur 2011“ 2011).



Mynd 29: Verið að spila fótbolta í fallegu umhverfi í Ásbyrgi.

Margt annað er í boði fyrir íslenska unglinga enda nóg af félögum sem hafa starfrækt barna- og unglingastarf. Unglingadeild er starfandi innan Slysavarnafélags Landsbjargar og Rauði kross Íslands hefur einnig barna og unglingstörf innan margra félagsdeilda. Íslenskir unglingar hafa flestir áhuga á listum og menningu og því er margt í boði í þeim málum. Ýmsir skólar og námskeið á sviði myndlistar, tónlistar, danslistar og leiklistar eru starfandi um land allt. Einnig eru kórar, hljómsveitir og margt annað starfandi innan skóla og félagsmiðstöðva. Einnig má finna hin ýmsu ungmannahús um allt land þar sem unglingar geta hist og sinnt áhugamálum sínum saman. Félagsmiðstöðvar fyrir grunnskóla eru í flestum bæjarfélögum en þær eru mjög virkar og bjóða unglingum upp á mikil og fjölbreytt verkefni, og einnig bjóða þeir unglingum að taka þátt í skipulögðum viðburðum. Nemendafélög eru einnig starfrækt í flestum framhaldsskólum landsins og standa þau fyrir öflugu félags- og tómstundarstarfi. Þau standa að ýmsum viðburðum eins og söngkeppnum og ræðukeppnum.

Hér á landi eru starfandi skátafélög og er markmið þeirra að þroska börn og unglinga til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar. Skátafundir eru haldnir vikulega en einnig er boðið uppá dagsferðir, helgarútilegur og skátamót. Trúarleg samfélög halda uppi mjög virku tómstundarstarfi sem felst í margs konar starfsemi eins og t.d. sumarbúðir og fermingarstarf. Ungliðastarf fer einnig fram innan stjórnmálauflokka og felst það aðallega í fundarstörfum og blaðaútgáfu („Tómstundir“ [án árs]).

Sjálfsvíg á Grænlandi

Í Grænlandi er hæsta tíðni sjálfsvíga í heiminum, 24 sinnum hærri en í Bandaríkjunum, en á Grænlandi lálast 100 á hverja 100.000 íbúa af völdum sjálfsvíga. Ef þessar tölur eru ekki nógú átakanlegar, þá er það staðreynd að meiri hluti þeirra sem fremja sjálfsvíg á Grænlandi eru ungligar og ungt fólk. Ungir karlmenn í Grænlandi hafa oft tilhneigingu til að fá snögga leið út og rúmlega helmingur allra sjálfsvíganna sem eru framin á Grænlandi eru af völdum ungra manna, þó að stúlkurnar séu margar líka. Í könnun sem gerð var árið 2008 viðurkenndi ein af hverjum fjórum ungum konum á Grænlandi að hafa reynt að fremja sjálfsvíg (Jason George 2009).

Fyrri helming 20. aldarinnar lifðu Grænlendingar svipað og þeir höfðu gert síðastliðin 4.000 ár. Þeir veiddu dýr og fisk og söfnuðust saman í lítil, afskekkt þorp við strandlínuna. Þá var tíðni sjálfsvíga með þeim lægstu í heiminum með aðeins 0,3 einstaklinga á hverja 100.000 íbúa á ári. Um 1970 fór tíðni sjálfsvíga að hækka, og á næstu 16 árum hækkaði tíðnin hægt og rólega, og árið 1986 voru sjálfsvíg helstu orsök dauða ungs fólks í mörgum þorþum Grænlands (Jason George 2009).

Ein af ástæðunum fyrir því hversu há tíðni sjálfsvíga er í Grænlandi eru aðferðirnar sem notaðar eru. Fólk ýmist hengir sig eða skýtur og það veldur um 91% sjálfsvíga karla og 70% sjálfsvíga kvenna, og í 30% atvika er gerandinn undir áhrifum áfengis. Á næstum því hverju heimili í Grænlandi er til a.m.k. einn riffill og auðvelt er að finna eitthvað til að nota til hengingar (Jason George 2009). Tvær rannsóknir hafa verið birtar í sambandi við sjálfsvígstilraunir í Grænlandi, árin 1979 og 1992. Þessar rannsóknir sýna að þeir sem hafa gert tilraun til að taka sitt eigið líf hafa margir alist upp á heimilum þar sem áfengi var mistnotað. „Inuit Health in Transition Survey” í Grænlandi greindi frá því á árunum 1993-1994 og 1997-1998 að áfengisvandamál á bernskuheimilum og að hafa verið fórnarlamb kynferðisofbeldis í æsku auki tíðni tilkynntra sjálfsvígshugsana. 82% þeirra sem höfðu upplifað sjálfsvígshugsanir, en um 10% þeirra sem höfðu alist upp við hvorugt höfðu upplifað sjálfsvígshugsanir. Á árunum 2005-2007 voru tengslin enn til staðar. Á meðal þeirra sem höfðu reynt að taka sitt eigið líf voru a.m.k. 70% sem höfðu upplifað áfengisvandamál og kynferðisofbeldi í æsku sem bendir til þess að tengslin þar á milli séu mikið áhyggjuefni (Isabelle Mairey 2012).

Sumir halda því fram að grænlenskir ungligar ákveði að fremja sjálfsvíg vegna þess að þeir sjái vini sína gera það. Aðrir halda að það sé vegna þess hve fátakt landið er og neysla

áfengis er mikil en ómögulegt er að segja til um ástæðurnar. Maður gæti haldið að tíðni sjálfsvíga aukist á hörðum, dímmum vetri, en flestir fremja sjálfsvíg á sumrin skv. ví sindamönum sem greindu dánartíðni í Grænlandi á árunum 1968-2002. Vísindamennirnir halda að stutta og bjarta sumarið trufli svefnhring vetrarins, breyti serótónín magni í heilanum, sem veldur því að sumir Grænlendingar missa stjórn á sér, sérstaklega þeir sem búa nyrst þar sem sólin er fyrir ofan sjóndeildarhringinn vikum saman, og fremji því sjálfsvíg (Jason George 2009).

Sjálfsvíg á Íslandi

Sjálfsvígum á Íslandi meðal ungra karlmannna hefur fjöldað meira en í öðrum aldurhópum undanfarna áratugi og náðu hámarki í lok síðustu aldar en þeim hefur þó farið fækandi á síðustu fimm árum. Samkvæmt niðurstöðum eru að meðaltali 19 karlar af hverjum 100.000 sem fremja sjálfsvíg árlega. Tíðni sjálfsvígra ungra íslenskra kvenna er um 2 stúlkur af hverjum 100.000 árlega. Af þessum tölum sést að ungir íslenskir karlar eru margfalt líklegrir til að falla fyrir eigin hendi en konur á sama aldri. Niðurstöður rannsókna sýna að tilraunir til sjálfsvíga eru tíðari meðal kvenna, en sjálfsvíg karla eru árangursríkari en svo virðist sem konur noti oft “vægari” aðferðir, t.d. lyf, á meðan karlar noti aðferðir sem eru líklegrir til að heppnast og því sé tíðnin hærri hjá þeim („Sjálfsmorð” 2013).

Áfengisneysla á Grænlandi

Áfengisnotkun á Grænlandi hefur aukist gríðarlega síðustu 70 ár, og náði hámarki árið 1982. Árið 1949 var meðalneysla hvers einstaklings 15 ára eða eldri um 7,2 lítrar, en árið 1982 var neyslan á haus um 22 lítrar. Frá því minnkaði áfengisneysla til muna og árið 2010 var meðalneyslan um 10,5 lítrar á einstakling. Samkvæmt rannsókn á heilsu sem gerð var á árunum 2005-2007 sögðust einungis um 2% Grænlendinga drekka áfengi daglega og næstum 68% sögust drekka áfengi 1-3 eða sjaldnar í mánuði (Isabelle Mairey 2012).

Það virðist vera lægri tíðni lifrarsjúkdóma hjá Grænlendingum sem neyta mikils áfengis í samanburði við Dani með svipaðar neysluvenjur, en hinsvegar eru banaslys tengd áfengi algeng. Upplýsingar frá “Inuit Health in Transition Survey” sýna að stórt hlutfall bæði kvenna og karla á Grænlandi hafa á einhverjum tímapunkti orðið fyrir ofbeldi eða upplifað alvarlegar hótanir um ofbeldi frá einhverjum undir áhrifum áfengis (Isabelle Mairey 2012).

Áfengisneysla á Íslandi

Áfengisneysla íslensku þjóðarinnar hefur aukist jafnt og þétt síðastliðin 30 ár. Árið 1980 var meðalneysla þjóðarinnar miðað við einstaklinga 15 ára og eldri rúmlega 4 lítrar en árið 2007 hafði magnið aukist í 7,5 lítra. Sala bjórs var lögleidd í mars 1989 á Íslandi og eftir það hefur sala sterks áfengis minnkað en heildarsala áfengis aukist. Hlutfall þeirra sem drekka áfengi vikulega hefur einnig aukist mikið undanfarin ár, en árið 1984 drukku 9,5% karla á aldrinum 56-60 ára áfengi vikulega, en árið 2007 var sú tala komin upp í 46% (Margrét Valdimarsdóttir, Rafn M. Jónsson og Stefán Hrafn Jónsson 2009).

Hlutfall Íslendinga sem neyta ekki áfengis hefur farið minnkandi á síðastliðnum árum. Meiri fækkun hefur verið hjá konum en körlum sem ekki neyta áfengis, en hlutfallið hjá konum hefur farið úr tæplega 32% í aldurshópnum 31-50 ára árið 1974 niður í rúmlega 6% árið 2007 (Margrét Valdimarsdóttir, Rafn M. Jónsson og Stefán Hrafn Jónsson 2009).

Í nýlegri skýrslu Alþjóðaheilbrigðismála-stofnunnarinnar og Evrópusambandsins kemur fram að áfengisneysla er minnst á Íslandi miðað við höfðatölu af öllum þeim ríkjum sem eiga aðild að Evrópusambandinu eða eru hluti af Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Íslendingar drukku rétt tæpa 8 lítra á mann árið 2009 en Tékkar, sem drukku mest af þessum þjóðum, drukku tvöfalt meira. Tékkar drekka mest áfengi Evrópubúa miðað við höfðatölu, eða 16,61 lítra á ári, en Rúmenar fylgja í kjölfarið með 16,3 lítra á ári. Næst á eftir koma síðan Slóvenar, Ungverjar og Eistar („EES: Áfengisneysla minnst á Íslandi“ 2012).



Mynd 30: Áfengisneysla er lítill á Íslandi miðað við höfðatölu.

Grænlenska

Langflestir Grænlendingar tala grænlensku sem er eskimóa-aleúta tungumál. Aðalmállýskan, Kalaallisutor (vestur-grænlenska), hefur verið formlegt tungumál Grænlendinga síðan í júní 2009. Þetta var gert af grænlensku heimastjórninni til að styrkja stöðu tungumálsis í samanburði við nýlendutungumálið, dönsku. Fyrir júní 2009 voru bæði grænlenska og danska aðaltungumál þjóðarinnar. Frá því að Danir réðu yfir Grænlandi snemma á 18. öld og fram að því að Grænlendingar fengu heimastjórn árið 1979 var mikill þrýstingur á Grænlendinga að taka upp dönsku sem aðalmál, og á sjötta áratug síðustu aldar ákvað tungumálastefna

Danmerkur að skipta grænlenskunni út fyrir dönsku. Allt nám eftir barnaskóla og opinberar samkomur fóru fram á dönsku. Síðan vestur-grænlenskan varð ríkjandi tungumál, hefur því verið lýst yfir að hinrar mállyskurnar séu í hættu, og nú er verið að íhuga það að gera ráðstafanir til að vernda austur-grænlenskuna, tunumiisut („Greenlandic language” 2013).

Íslenska

Um 1350-1370 er talið að leiðir norsku og íslensku hafi skilið. Tungumálið hefur lítið breyst enda geta Íslendingar lesið flest allar fornar íslenskar bókmenntir. Breytingar á orðaforðanum hafa þó nokkrar orðið eins og við má búast. Tökuorð eru mörg enda miklar breytingar hvað varðar atvinnu- og lifnaðarhætti síðustu áratugi (Arnar Már Arngrímsson 2011:20-22).

Íslenskir unglungar nota mikið slangur og eru mörg orð og orðasambönd sem koma í tísku en eru þau jafnan skammlíf. En þó tekur hluti þeirra sér bólfestu í almennum orðaforða eins og t.d. strætó, sjoppa og jeppi. Íslenskt slangur er jafnan sett fram af léttuð og oft fylgja ýkjur og gamansemi og orð sem tengjast kynlifi og peningum fá hálfgerð gælunöfn, eins og t.d. „fáum okkur einn öllara” (bjór). Slangur er óaðskiljanlegur hluti af tungutaki unglings og eru þeir duglegir að þróa það og móta.

Slettur eru líka algengar í íslensku tungumáli og má þar nefna dæmi eins og t.d. smart, beib og djúsí. En þó eru til mörg tökuorð í íslenska tungumálínu sem eiga sér erlendan uppruna. Þá er átt við orð eins og t.d. sjoppa (shop) og píanó. Íslendingar eru samt sem áður duglegir við að búa til nýyrði og er ríkjandi stefna á Íslandi að láta íslensk nýyrði leysa af hólmi orð af erlendum uppruna. Það getur þó oft verið erfitt og oft vill fólk ekki nota það (Arnar Már Arngrímsson 2011:33-42).

Gjaldmiðillinn á Grænlandi

Danska krónan er gjaldmiðillinn á Grænlandi og eru bæði mynt og seðlar eins í últiti og í Danmörku. Árið 2006 stóð til að Grænlendingar fengu sína eigin útgáfu af seðlum. Í janúar 2010 tilkynnti danska ríkisstjórnin að landsþing Grænlands vildi endurskoða það að gefa út sérstaka grænlenska seðla og í kjölfarið var útgáfu þeirra hætt (EDS 2009).

Gjaldmiðillinn á Íslandi

Íslenska krónan er opinber gjaldmiðill á Íslandi. Krónan er gefin út af Seðlabanka Íslands og hefur hann einkaleyfi á útgáfu seðla og myntar á Íslandi. Íslenska krónan hefur alla tíð verið óstöðugur gjaldmiðill og vilja margir fella gengi krónunnar. Frá bankahruninu 2008 hefur gengi krónunnar fallið gífurlega og því verðmæti seðla og myntar í umferð lækkað („Íslensk króna“ 2013).

Grænlenski þjóðbúningurinn

Grænlenski þjóðbúningurinn er ekki gamall en frekar flókinn. Í hann þarf að velja mjög vönduð skinn og fallegar perlur. Grænlendingar leggja mikinn metnað í búninginn og eru mjög stoltir af honum. Við upphaf skólagöngu, í 6 ára bekk, eru allir í þjóðbúningi og einnig klæðast flestir honum við fermingu. Karlar klæðast hvítum anórakk, dökkum buxum og dökkum kamikkum. Kamíkur kvenna eru hinsvegar aðeins litríkari. Ytri kamíkur eru úr selsleðri og ná upp fyrir hné. Á þær eru saumaðir litríkir leðurbútar. Inn í kamíkurnar er lagt hey til að einangra þær og gera þær mýkri undir fæti. Innri kamíkurnar eru einnig úr skinni og ná upp á mið læri. Fyrir ofan ytri kamíkuna er þéttofin bómull og finheklaður blúndubekkur. Efst er svo svartur skinnkantur (Ragnhildur Sverrisdóttir 2009).

Búningur kvenna er heldur skrautlegri en karla.

Fyrst er það undirskyrt sem þarf að vera síð til að auðvelt sé að gyrrða hana ofan í skinnbuxurnar. Skyrtan er úr bómum sem hefur

heklaða blúndu við hálmál og handveg. Yfir skyrtuna er stutt vesti með háum skrautlegum kraga og buxurnar eru stuttbuxur úr selskinni. Að framan eru þær skreyttar með litríkum leðurbútum og ræmum úr hundsfeldi. Lituðu skinnræmurnar eru úr selskinni sem er meðhöndlað á sérstakan hátt áður en það er litað í öllum regnbogans litum og svo saumað á buxurnar í mörgum, mjóum ræmum svo úr verður litrík leðurrönd framan á buxunum. Sitt hvoru megin við röndina er skjannahvít hundsskinnið (Ragnhildur Sverrisdóttir 2009).



Mynd 31: Grænlenski þjóðbúningurinn.

Þjóðbúningur stulkna er yfirleitt litríkari en búningur eldri kvenna. Treyja eða anórakkur fer yfir undirskyrtuna og er hann oftast gerður úr fóðruðu skinni en stundum bómull. Perlukragi hylur efri hluta treyjunnar og er mjög skrautlegur. Sjaldan sér maður two eins kraga en sumar fjölskyldur vilja hafa sama mynstur í mörgum krögum, nokkurs konar ættareinkenni. Það þarf mörg þúsund litríkar perlur til að útbúa kragann, og það krefst mikillar nákvæmnis- og þolinmæðisvinnu (Ragnhildur Sverrisdóttir 2009).

Íslenski þjóðbúningurinn

Íslenski þjóðbúningurinn er margvíslegur. Til eru fimm klæðagerðir sem taldar eru til þjóðbúninga kvenna en einn viðurkenndur þjóðbúningur karla, þó að einnig sé til hátiðarbúningurinn og formannaklæði eða litklæði. Búningar kvenna skiptast í faldbúning, peysuföt, upphlut, kyrti og skautbúning („Íslenski þjóðbúningurinn“ 2012).

Faldbúningur er sá elsti og nafnið dregið af höfuðfati hans. Búningurinn skiptist í fald, treyju og klút, upphlut, skyrtu, pils og svuntu. Pilsíð var sítt úr ullarefni með skrautbekk að neðan. Fyrst var svuntan laus að framan en er nú felld inn í pilsíð og því kölluð samfella. Upphluturinn er undir treyjunni og skreyttur með borðum og millum að framan en þremur leggingum að aftan. Treyjan er svört og barmurinn skreyttur með vírborðum, flauelssaumi, perlusaumi eða einhverju slíku („Íslenski þjóðbúningurinn“ 2012).

Upphluturinn er uppruninn úr undirfötum faldbúningsins en varð síðan sjálfstæður fatnaður. Peysufötin eiga uppruna sinn að rekja til 18. aldar þegar konur tóku upp á því að



Mynd 32: Íslenski þjóðbúningurinn; upphlutur.

klæðast peysum karla og húfum. Þau þóttu mun þæginlegri í erfiðisvinnu heldur en faldbúningurinn. Kyrtillinn og skautbúningurinn eru svipaðir og faldbúningurinn. Kyrtillinn er eins og menn töldu að landnámskonur hafi klæðst en skautbúningurinn nútímaútgáfa af faldbúnингnum („Íslenski þjóðbúningurinn“ 2012).

Þjóðbúningur karla samanstendur af ullanloku-buxum, annað hvort hnésíðum eða síðbuxum, tvíhnepptu vesti, treyju og skotthúfu. Hátíðarbúningurinn varð ekki til fyrr en árið 1994 og nýtur ekki jafn mikillar virðingar og hinn viðurkenndi þjóðbúningur. Hann er talinn skyldari færeyskum þjóðklæðum en

íslenskum en nýtur þó mikillar velpóknunar. Formannaklæði eða litklæði voru hönnuð sem útgáfa af klæðum landnámsmanna, líkt og kyrtilt kvenna, og eru lítið notuð á 21. öldinni. Klæðin urðu nokkuð vinsæl snemma á 20. öldinni og menn klæddust þeim t.d. við konungskomuna 1907 og á alþingishátíðinni 1930, en eftir það hurfu þau nánast alveg („Íslenski þjóðbúningurinn” 2012).

Samanburður og lokaorð

Jarðfræðilegur aldursmunur Grænlands og Íslands er mjög mikill enda finnst eitt elsta berg heimsins í Grænlandi. Þekktasti hluti þessa bergs er grænsteinsbeltið í Isua en elsta berg Íslands finnst á Austurlandi og Vestfjörðum, þ.e. á þeim stöðum sem eru lengst frá flekamótunum.

Hlýskeið og kuldaskeið höfðu mikil áhrif á bæði löndin en þau bera bæði ummerki um ísjaka, bæði sem hafa bráðnað og jakta sem standa enn í dag. Grænland er miklu stærri eyja en Ísland, enda sú stærsta í heimi. Löndin hafa það þó sameiginlegt að meiri hlutinn af þeim er óbyggilegur. Jökullinn á Grænlandi gerir Grænlendingum ókleift að byggja almennilegt samfélag s.s. vegi og samgönguæðar og eru því samgöngur mjög takmarkaðar á milli bæja og þorpa. Flugvellar eru einangraðir og flugvélarnar sem fljúga á milli mjög takmarkaðar. Vegasamgöngur eru litlar sem engar og fólkisíð treystir á sína viðfrægu sleðahunda til að draga sig og sleðana á milli staða, hvort sem þau eru að fara á milli bæja eða í veiðar. Hér á landi er meiri hluti landsins óbyggðir, fjöll og firnindi. En þrátt fyrir það eru samgöngur hér mjög þægilegar og öruggar. Vel er hugsað um vegi og flogið er á milli allra landshluta. En þetta hefur líka sína ókosti því fólk er farið að hreyfa sig mun minna en áður og farið að keyra á milli allra staða, í stað þess að ganga.

Heilbrigðisþjónustan er í grófum dráttum mjög svipuð í litlum bæjarfélögum í báðum löndunum. Fólk þarf að leita til stærri bæjarfélaga til að hitta almenna lækna og sérfræðinga en oftast er heilsugæsla í flestum smábæjum. Þó þurfa Grænlendingar að flúgja til Danmerkur fyrir stærri aðgerðir en Ísland er mun lengra á veg komið í menntun lækna og tæknimálum. Íslendingar hjálpa Grænlendingum þó með bráðatilfelli og senda þá sjúkraflugvél sem flýgur með sjúklinginn hingað til landsins.

Ísland stendur þó alltaf fremst í flokki þegar kemur að jarðhita, eldvirkni og fallorku. Það er eitt af því sem hefur áhrif á hversu góð lífskilyrði eru á Íslandi, en það er bæði ódýrt og auðvelt að hita upp húsin.

Á Grænlandi er einn þjóðgarður og hann er jafnframt sá stærsti í öllum heiminum, álíka stór að flatarmáli og Frakkland og Spánn samanlagt. Hann er ekki einungis fallegur heldur er hann einnig mikilvægur fyrir vísindalegar rannsóknir á loftslagsbreytingum á norðurhveli jarðar. Ísland virðist hins vegar hafa þjóðgarðsaráttu en hér á þessu litla landi eru þeir fimm talsins og allir hafa þeir mikla og langa sögu.

Það sem sýnir einna helst muninn á hversu langt Ísland er á undan í þróuninni og



Mynd 33: Kort sem sýnir umfang Dansk-norska ríkisins um 1780.

jafnframt í sjálfstæðisbaráttu, er að Grænlendingar eru enn undir stjórn Dana. Grænlendingar fá einungis að kjósa tvo fulltrúa á 179 manna þingi Danmerkur. Íslendingar unnu fyrir mörgum árum sjálfstæðisbaráttuna og halda vonandi sjálfstæði sínu um ókomna tíð.

Sjávarútvegur er stór hluti í atvinnuvegi beggja landanna. En allt sem viðkemur Grænlandi er mun ótraustara en hér á landi. Þar eru til dæmis ekki atvinnuleysistryggingar

og ekki reynt að koma fólk í vinnu, og afleiðingar þess eru að atvinna er að hverfa á sumum stöðum. Menntun á Grænlandi er ekki mikil, skólaskylda er frá 6-15 ára aldri en fáir fara í framhaldsnám. Það eru fáir Grænlendingar sem hafa efni á að senda börnin sín í áframhaldandi nám og hafa ekki efni á að missa „vinnumennina“ sína, því börnin hjálpa mikið til heima við. Hér á landi eru flestir sem halda áfram eftir grunnskóla og fara í framhaldsskóla. Margir fara eftir það í háskóla og jafnvel áframhaldandi nám erlendis. Þetta er mögulega stærsti þátturinn í því hvers vegna Ísland er svona framarlega í þróuninni og almennri kunnáttu. Við erum dugleg að sækja nám og leitum jafnvel til annarra landa.

Matarvenjur okkar eru ekkert rosalega ólíkar, fiskur og kjöt er uppistaðan í fæðu beggja þjóða. Grænlendingar borða mikið af sel, rostungum og hreindýrum, en Íslendingar borða aðallega kindur, naut og svín. Kjötsúpa er gjarnan í matinn hjá þeim og við Íslendingar eigung einnig okkar útgáfu af henni. Við Íslendingar borðum að vísu fjölbreyttari mat, þ.e. við borðum ekki einungis kjöt heldur eru grænmeti og korn mjög algeng fæðutegund, og það virðist sem skyndibiti ætli að yfirtaka gömlu hefðirnar miðað við þróunina síðastliðin ár.

Það sem er virkilega sorglegt við framgöngu Grænlands er þunglyndið sem vofir þar yfir. Sjálfsvígin eru því miður nánast daglegur viðburður í samfélaginu, aðallega hjá ungum karlmönnum. Samkvæmt rannsóknum sem gerðar hafa verið voru fórnarlömb sjálfsvíga oftast fólk sem hafði alist upp við misnotkun áfengis eða þurft að þola kynferðislegt ofbeldi. Ólíkt því sem menn búast við, þá eru flestu sjálfsvígin framin á sumrin og hafa vísindamenn ekki komist að því hvers vegna sjálfsvígshlutföllin eru svona há. En vonandi mun það gerast á næstu árum og þá jafnvel fundin „lækning“ við þessu. Hér á landi er þessi tala sem betur fer mun lægri eða um 19 af hverjum 100.000 ungra karlmenna ákveða að taka líf sitt ár hvert.

Grænlendingar tala sitt eigið tungumál, grænlensku, hafa dönsku krónuna sem gjaldmiðil og eiga sinn eigin þjóðbúning. Það er lagður mikill metnaður í búningana og þeir skreyttir vel

og vandlega með fallegum perlum og ýmsu öðru glingri. Íslendingar tala sitt eigið tungumál, íslensku, hafa íslensku krónuna sem gjaldmiðil og eiga einnig sinn þjóðbúning. Í raun höfum við fimm gerðir af þjóðbúnингnum, en hver búningur var upphaflega gerður fyrir sérstök tilefni.

Ísland og Grænland eru oft talin vera eins, eða a.m.k. mjög lík, í augum útlendinga. Við eigum að búa í snjóhúsum, helst með lyftum, og eru Íslendingar oft kynntir fyrir farsínum og internetinu þegar þeir fara út fyrir landsteinana.

En eins og sjá má í þessari bók eru Ísland og Grænland frekar ólík lönd, Grænland er til að mynda aftar í þróuninni en Ísland. Það virðist líka sem Grænland láti aðrar þjóðir valta svolítið yfir sig. Hvað varðar þróunina myndi það batna til muna ef Grænlendingar myndu leggja mikinn metnað í nám barna og öryggi þeirra heima fyrir. Þá myndi sjálfsvígstíðnin líka lækka. Þetta öryggisnet sem við þekkjum hér á landi er ekki til staðar á Grænlandi og það er það sem þarf að breytast vilji þeir ná almennilegum árangri og halda lífi í grænlensku þjóðinni. Þetta öryggisnet geta þeir tekið til fyrirmynadar hjá Íslendingum. Hér starfar Barnaverndarnefnd sem sér um svona mál og Vogur sem hjálpar fólkí upp úr áfengisvandamálum.

En allar þjóðir hafa sína kosti og það er eitt sem Grænlendingar hafa og eiga vonandi eftir að halda í, en það er tengingin við náttúruna. Þeir skilja eðli náttúrunnar og dýranna á ótrúlegan hátt, þeir vita hvenær hvalirnir synda inn í fjörðinn og hvenær þeir koma upp. Þeir treysta algjörlega á náttúruna, bæði upp á fæðu og einnig fyrir efni í föt. Þetta eru tengsl sem þeir hafa þróað í gegnum ættlindi og yrði það hinn mesti sorgaratburður ef svo færi að orkunýting og námugröftur erlendra ríkismanna myndi stöðva slíka áframhaldandi þróun. Ef þú kæri lesandi, myndir koma auga á viðskiptamöguleika á erlendum stað, hugsaðu þig tvisvar um áður en þú breytir, með þínum eigin gjörðum, lífsháttum heimamanna.

Heimildaskrá

„Alþingi.” 2013. *Wikipedia, Frjálsa alfræðiritið.*

<http://is.wikipedia.org/wiki/Alþingi> [Sótt 25. febrúar 2013.]

Arnar Már Arngrímsson (bjó til prentunar). 2011. *Prymskviða - Málsaga (Greinar úr Alfræði íslenskrar tungu).* Menntaskólinn á Akureyri.

„Áfangastaðir.” [Án árs.] *Flugfélag Íslands.*

<http://www.flugfelig.is/afangastadir> [Sótt 12. febrúar 2013.]

Benny Génsbøl. 2004. *A nature and wildlife guide to Greenland.* Gyldendal, Kaupmanna-höfn.

Birger Sandell og Hanne Tuborg Sandell. [Án árs.] „Ittoqqortoormiit – a short introduction.”
Official Tourism Website of East Greenland.

<http://www.eastgreenland.com/database.asp?lang=eng&num=436> [Sótt 12. febrúar 2013.]

Björn Þorsteinsson (ritstj.) og Kristján B. Jónasson (ritstj.). 2006. *Heimsatlas máls og menningar.* Mál og menning, Reykjavík.

EDS. 2009. „Hvaða gjaldmiðill er á Grænlandi?” *Visindavefurinn.*

<http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=54585> [Sótt 17. febrúar 2013.]

„Education in Iceland.” 2013. *Wikipedia, The Free Encyclopedia.*

http://en.wikipedia.org/wiki/Education_in_Iceland [Sótt 17. febrúar 2013.]

„EES: Áfengisneysla minnst á Íslandi.” 2012. *UNRIC, Upplýsingaskrifstofa sameinuðu þjóðanna fyrir Vestur-Evrópu.*

<http://www.unric.org/is/frettir/25701-afengisneysla-minnst-a-islandi-i-ee> [Sótt 25. febrúar 2013.]

Einar Ragnar Sigurðsson. 2011. „Jarðsaga Grænlands.”

https://notendur.hi.is/~ers12/skrar/Jardsaga%20Graenlands_Ritgerdin_Einar%20Ragnar_Med%20forsidu.pdf [Sótt 13. febrúar 2013.]

„Elding – Hvalaskoðun.” [Án árs.] *randburg.is, your guide to Iceland.*

<http://www.randburg.is/is/elding/> [Sótt 21. febrúar 2013.]

Elna Egede. 2009. „Fátækt breiðist út í Grænlandi.” *norden.*

<http://www.norden.org/is/analys-norden/thema/fataekt-a-nordurloendum/fataekt-breidist-ut-i-graenlandi> [Sótt 17. febrúar 2013.]

„Flugvellar á Íslandi.” 2007. *Flugmálastórn Íslands.*

<http://www.caa.is/Flugleidsagaogflugvellar/FlugvelliraIslandi/> [Sótt 17. febrúar 2013.]

- „Fornleifarannsóknir fram til 2000.” [Án árs.] *Pjóðgarðurinn á Þingvöllum – Friðlýstur helgistaður allra Íslendinga.*
<http://www.thingvellir.is/um-pjóðgarðinn/fornleifarannsóknir/fornleifarannsóknir-fram-til-2000.aspx> [Sótt 28. febúrar 2013.]
- „Forward (Greenland).” 2012. *Wikipedia, The Free Encyclopedia.*
http://en.wikipedia.org/wiki/Forward_%28Greenland%29 [Sótt 14. febrúar 2013.]
- „Greenland.” [Án árs.] *Countries and their cultures,*
<http://www.everyculture.com/Ge-It/Greenland.html#b> [Sótt 17. febrúar 2013.]
- „Greenland Dog.” 2013. *Dog Breed Info Center.*
<http://www.dogbreedinfo.com/greenlanddog.htm> [Sótt 27. febrúar 2013.]
- „Greenland, Government.” 2013. *Wikipedia, The Free Encyclopedia.*
<http://en.wikipedia.org/wiki/Greenland#Government> [Sótt 14. febrúar 2013.]
- „Greenlandic cuisine.” [Án árs.] *Greenland.com*
<http://www.greenland.com/en/about-greenland/kultur-sjael/mad-og-drikke.aspx> [Sótt 12. febrúar 2013.]
- „Greenlandic cuisine.” 2012. *Wikipedia, The Free Encyclopedia.*
http://en.wikipedia.org/wiki/Greenlandic_cuisine [Sótt 12. febrúar 2013.]
- „Greenlandic language.” 2013. *Wikipedia, The Free Encyclopedia.*
http://en.wikipedia.org/wiki/Greenlandic_language [Sótt 17. febrúar 2013.]
- „Grænland.” 2013. *Wikipedia, Frjálsa alfræðiritið.*
<http://is.wikipedia.org/wiki/Grænland> [Sótt 21. febrúar 2013.]
- „Grænland – Dýralífið.” 2013. *NAT, Nordic Adventure Travels.*
http://www.nat.is/Greenlandis/dyralifid_a_greenlandi.htm [Sótt 21. febrúar 2013.]
- Guðbjartur Kristófersson. 2005. *Jarðfræði.* Offsetfjölritun ehf., Reykjavík.
- Hallgrímur Páll Leifsson. 2013. Viðtal höfundar við Hallgrím Pál Leifsson um sjúkraflug á Grænlandi, 19. febrúar.
- Herdís Guðmundsdóttir. 2011. „Af vettvangsferð til Ittoqqortoormiit á Austur-Grænlandi.”
http://skemman.is/stream/get/1946/9511/22941/1/BA_ritger%C3%B0_Hjordis_Gudm.pdf
[Sótt 12. febrúar 2013.]
- „Iceland.” [Án árs.] *Countries and their cultures.*
<http://www.everyculture.com/Ge-It/Iceland.html> [Sótt 17. febrúar 2013.]
- „Iceland.” 2013. *Wikipedia, The Free Encyclopedia.*
<http://en.wikipedia.org/wiki/Iceland> [Sótt 25. febrúar 2013.]

Isabelle Mairey. 2012. „Alcohol consumption in Greenland, - an empirical analysis of rational addiction.”

http://static.sdu.dk/mediafiles//5/9/3/%7B59399DFF-AE2D-4F72-8567-D7ED76AA3AC0%7DSpeciale_Isabelle_Mairey.pdf [Sótt 17. febrúar 2013.]

„Ísland.” 2013. *Wikipedia, Frjálsa alfræðiritið.*

<http://is.wikipedia.org/wiki/Ísland> [Sótt 25. febrúar 2013.]

„Íslensk króna.” 2013. *Wikipedia, Frjálsa alfræðiritið.*

http://is.wikipedia.org/wiki/Íslensk_króna [Sótt 17. febrúar 2013.]

„Íslenski þjóðbúningurinn.” 2012. *Wikipedia, Frjálsa alfræðiritið.*

http://is.wikipedia.org/wiki/Íslenski_þjóðbúningurinn [Sótt 20. febrúar 2013.]

„Íþróttir og tómstundir.” [Án árs.] *Ísland.is*

<http://www.island.is/fjolskyldan/born-og-unglingar/ithrottir-og-tomstundir> [Sótt 17. febrúar 2013.]

Jason George. 2009. „The Suicide Capital of the World.”

http://www.slate.com/articles/news_and_politics/dispatches/2009/10/the_suicide_capital_of_the_world.2.html [Sótt 9. desember 2012.]

Karl Kristian Olsen. 2006. „Education in Greenland.” *ANKN.*

<http://www.ankn.uaf.edu/IEW/edgreen.html> [Sótt 17. febrúar 2013.]

Kattaliit Rosenørn Løvstrøm. 2013. Viðtal höfundar við Kattaliit Rosenørn Løvstrøm, nemanda í GU Nuuk, um heilbrigðiskerfið á Grænlandi, 12. febrúar.

„Landafræði Íslands.” 2013. *Wikipedia, Frjálsa alfræðiritið.*

http://is.wikipedia.org/wiki/Landafræði_Íslands [Sótt 26. febrúar 2013.]

„List of political parties in Greenland.” 2012. *Wikipedia, The Free Encyclopedia.*

http://en.wikipedia.org/wiki/List_of_political_parties_in_Greenland [Sótt 14. febrúar 2013.]

Margrét Valdimarsdóttir, Rafn M. Jónsson og Stefán Hrafn Jónsson. 2009. „Þróun áfengisneyslu á Íslandi.” *Lýðheilsustöð.*

http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10678/version3/Afengi_lokaeintak_Hv.pdf [Sótt 25. febrúar 2013.]

Nanna Rögnvaldsdóttir. 2008. „Matur er mannsins megin.” *MNI – Matvæla- og næringarfræðifélag Íslands.*

<http://www.mni.is/mni/?D10cID=ReadArticle&ID=275> [Sótt 12. febrúar 2013.]

„National park.” [Án árs.] *Greenland, Be a Pioneer.*

<http://www.greenland.com/en/explore-greenland/nationalparken.aspx> [Sótt 16. febrúar 2013.]

„New scheduled route from Akureyri to Nerlerit Inaat (Constabl Point).” 2012. *Norlandair, Air Charter Service*.

<http://www.norlandair.is/en/moya/news/new-scheduled-route-from-akureyri-to-nerlerit-inaat-constable-point-> [Sótt 19. febrúar 2013.]

Ragnhildur Sverrisdóttir. 2009. „Perlur, selur og hundur.” *Morgunblaðið*.

<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1289551/> [Sótt 20. febrúar 2013.]

„Sextán félög fljúga til Íslands.” 2013. *Morgunblaðið*.

http://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2013/02/07/sextan_felog_fljuga_til_islands/ [Sótt 17. febrúar 2013.]

„Sjálfsmorð.” 2013. *Wikipedia, Frjálsa alfræðiritið*.

<http://is.wikipedia.org/wiki/Sj%C3%A1lfsmor%C3%B0> [Sótt 25. febrúar 2013.]

Snjólaug Arndís Ómarsdóttir. 2011. „Íslenskur vinnumarkaður - Einkenni og helstu breytingar 1991-2010.”

http://skemman.is/stream/get/1946/7302/19523/1/BA_14_jan%C3%A1ur_lokaritger%C3%B0.pdf [Sótt 17. febrúar 2013.]

„Sports in Greenland.” [Án árs.] *The Sports Confederation of Greenland*.

http://www.gif.gl/program/index.php?sprog=3&t_id=230&shifter=5 [Sótt 27. febrúar 2013.]

„Starfsskýrslur ÍSÍ - Iðkendur 2011.” 2011. *Íþróttar- og Ólympíusamband Íslands*.

http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Tolfraedi/idkendur_2011.pdf [Sótt 17. febrúar 2013.]

„Tekjur í atvinnuleysi á Íslandi.” [Án árs.] *norden*.

<http://www.norden.org/is/nordurloend-fyrir-thig/vinna-a-nordurloendum/vinna-a-islandi/tekjur-i-atvinnuleysi-a-islandi> [Sótt 17. febrúar 2013.]

„Tómstundir.” [Án árs.] *Umboðsmaður barna*.

<http://www.barn.is/unglingasida/tomstundir/> [Sótt 17. febrúar 2013.]

„Um þjóðgarðinn.” [Án árs.] *Pjóðgarðurinn á Pingvöllum – Friðlýstur helgistaður allra Íslendinga*.

<http://www.thingvellir.is/um-pj%C3%B3%C3%90gar%C3%B3nn.aspx> [Sótt 23. febrúar 2013.]

„Umhverfi og Landafræði” [Án árs.] *Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*.

<http://www.arnastofnun.is/page/dyralif> [Sótt 26. febrúar 2013.]

„Useful Information about Iceland.” [Án árs.] *Extreme Iceland*.

<http://www.extremeiceland.is/useful-information-about-iceland> [Sótt 17. febrúar 2013.]

„Vinnumarkaður í nóvember 2012.” 2012. *Hagstofa Íslands*.

<http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=9066> [Sótt 17. febrúar 2013.]

„Þjóðgarðar Íslands.” 2013. *NAT, Nordic Adventure Travel*.

http://www.nat.is/travelguide/thjodgardar_Islands.htm [Sótt 25. febrúar 2013.]

„Porramatur.“ 2012. *Wikipedia, Frjálsa alfræðiritið*.
<http://is.wikipedia.org/wiki/Porramatur> [Sótt 12. febrúar 2013.]

Heimildaskrá – Myndir

Forsíðumynd: Alma Stefánsdóttir og Álfhildur Rögn Gunnarsdóttir (í einkaeign). 2013.

Mynd 1: van Gool, J.A.M., Connelly, J.N., Marker, M. & Mengel, F.C. 2002. „Líkleg uppbygging Austur-Kanada og Grænlands á frumlífsöld.”

https://notendur.hi.is/~ers12/skrar/Jardsaga%20Graenlands_Ritgerdin_Einar%20Ragnar_Me%20forsidu.pdf [Sótt 2. mars 2013.]

Mynd 2: Steve Conover. [Án árs.] „Greenland.” *foter*.

<http://foter.com/f/photo/848048817/8e2f7a93c8/> [Sótt 1. mars 2013.]

Mynd 3: Nick Russill. [Án árs.] „Northern Lights, Kulusuk.” *foter*.

<http://foter.com/photo/northern-lights-kulusuk-1/> [Sótt 1. mars 2013.]

Mynd 4: Ævar Arnfjörð Bjarmason. 2005. „Flag of Iceland.” *Wikipeida, Frjálsa alfræðiritið*.

http://is.wikipedia.org/wiki/Íslenski_f%C3%A1ninn [Sótt 3. mars 2013.]

Mynd 5: David Karnö. 2010. „Eyjafjallajökull major eruption.” *foter*.

<http://foter.com/photo/eyjafjallaja-kull-major-eruption-20100510/> [Sótt 1. mars 2013.]

Mynd 6: Jóhanna Elín Jósefsdóttir (í einkaeigu). 2012. „Sólsetur á Tjörnesinu.”

Mynd 7: Ringomassa. [Án árs.] „Greenland eastcoast.” *foter*.

<http://foter.com/photo/greenland-eastcoast/> [Sótt 2. mars 2013.]

Mynd 8: Arna Ársælsdóttir (í einkaeigu). 2012. „Lúpína er algeng planta á Íslandi.”

Mynd 9: Karl Eiríksson. [Án árs.] *norlandair, Air Charter Service*.

<http://www.norlandair.is/en/pictures/greenland> [Sótt 2. mars 2013.]

Mynd 10: Christine Zenino. [Án árs.] „Greenlandic Huskies!” *foter*.

<http://foter.com/f/photo/8173032562/b46b655f6e/> [Sótt 1. mars 2013.]

Mynd 11: Arna Ársælsdóttir (í einkaeigu). 2012. „Íslenska sauðkindin.”

Mynd 12: Guðný Eygló Baldvinsdóttir (í einkaeigu). 2012. „Íslenski hesturinn.”

Mynd 13: Hannes Grobe. [Án árs.] „Ittoqqortoormiit.” *foter*.

<http://foter.com/photo/ittoqqortoormiit-mikkelsen-hg/> [Sótt 1. mars 2013.]

Mynd 14: „The National Park.” [Án árs.] *Greenland, Be A Pioneer*.

<http://www.greenland.com/en/about-greenland/natur-klima/nationalparken.aspx> [Sótt 3. mars 2013.]

- Mynd 15: Fréttahaukur. 2004. „Þingvellir.” *frettauhaukur.blog.is*.
<http://frettauhaukur.blog.is/album/Island/image/392730/> [Sótt 3. mars 2013.]
- Mynd 16: Björn Leifsson (í einkaeigu). 2009. „Jökulsárgljúfur.”
- Mynd 17: Jóhanna Elín Jósefsdóttir (í einkaeigu). 2005. „Botnstjörn í Ásbyrgi.”
- Mynd 18: „Inuit Ataqatigiit.” 2012. *Inuit Ataqatigiit*.
<http://ia.gl/inuitataqatigiit/> [Sótt 14. febrúar 2013.]
- Mynd 19: Holger Motzkau. [Án árs.] „HM The Queen of Denmark.” *foter*.
<http://foter.com/photo/hm-the-queen-of-denmark/> [Sótt 1. mars 2013.]
- Mynd 20: Ingólfur Júlíusson. 2009. „Iceland Names New Prime Minister.” *The New York Times*.
http://www.nytimes.com/2009/02/02/world/europe/02iceland.html?_r=0 [Sótt 2. mars 2013.]
- Mynd 21: Algkalv. 2009. „Air Greenland.” *Wikipedia, The Free Encyclopedia*.
http://en.wikipedia.org/wiki/Air_Greenland [Sótt 3. mars 2013.]
- Mynd 22: Kristinn Smári. 2010. „Norlandair in Station Nord.” *Norlandair, Air Charter Service*.
<http://www.norlandair.is/en/pictures/twin-otter> [Sótt 2. mars 2013.]
- Mynd 23: ilovegreenland. [Án árs.] „Andre Schoenherr 27.” *foter*.
<http://foter.com/f/photo/7507925770/34f13176db/> [Sótt 1. mars 2013.]
- Mynd 24: Sigfús Ólafur Helgason (í einkaeigu). 2009. „Fjölskylduhópur samankominn á ættarmóti.”
- Mynd 25: Kim Hansen. 2007. *Wikipedia, The Free Encyclopedia*.
http://en.wikipedia.org/wiki/Greenlandic_cuisine [Sótt 12. febrúar 2013.]
- Mynd 26: Guðrún Margrét Einarsdóttir. 2013. „Porramatur.” *Fréttasíða fyrir Kópasker og nágrenni*.
<http://kopasker.123.is/photoalbums/240609/> [Sótt 2. mars 2013.]
- Mynd 27: moohaha. [Án árs.] „Kæstur hákarl.” *foter*.
<http://foter.com/f/photo/2687588405/618ce58f4f/> [Sótt 1. mars 2013.]
- Mynd 28: ilovegreenland. [Án árs.] „Anders Stenbakken, Tasiilaq33.” *foter*.
<http://foter.com/f/photo/5096538550/b9f70983bf/> [Sótt 1. mars 2013.]
- Mynd 29: Margrét Sylvía Sigfúsdóttir (í einkaeigu). 2012. „Verið að spila fótbalta í fallegu umhverfi í Ásbyrgi.”
- Mynd 30: Lel4nd. [Án árs.] „Bottled Poetry.” *foter*.
<http://foter.com/photo/bottled-poetry/> [Sótt 1. mars 2013.]

Mynd 31: „Welcome to Smiling Greenland Traditional dress.” [Án árs.] *Smiling Globe*.
<http://smilingglobe.com/Go-visit.aspx?Visit=Greenland&ArtC=Culture> [Sótt 1. mars 2013.]

Mynd 32: Jóhanna Elín Jósefsdóttir (í einkaeigu). 2000. „Íslenski þjóðbúningurinn; upphlutur.”

Mynd 33: Kasper Holl. [Án árs.] „Ísland.” *Wikipedia, Frjálsa alfræðiritið*.
<http://is.wikipedia.org/wiki/Ísland> [Sótt 3. mars 2013.]